



BA ritgerð

Mannfræði

Að lifa með eða á náttúrunni

Tvíhyggja í sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar

Stella Andrea Guðmundsdóttir

Leiðbeinandi Sveinn Eggertsson

Febrúar 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Að lifa með eða á náttúrunni

Tvíhyggja í sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar

Stella Andrea Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA- gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson

Félagsfræði, mannfræði-, og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2020

Að lifa með eða á náttúrunni

Tvíhyggja í sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA- gráði í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
©Stella Andrea Guðmundsdóttir 2019

Reykjavík, Ísland, 2020

Útdráttur

Samspil manns og náttúru er margþætt og hefur lengi verið til umræðu í vísindum, listum og trúarbrögðum, enda margar breytur sem skarast inn í þá umræðu og hugtakið náttúra víðtækt. Algengt er að manningum og náttúrunni sé stillt upp sem andstæðum bæði innan mannfræðinnar og í orðræðu samtímans. Rökræðan snýst um hvort maðurinn og manngerðir hlutir séu hluti af náttúrunni eða hvort náttúran og maðurinn séu andstæður. Fræðimenn á mörgum sviðum hafa velt þessari mikilvægu spurningu fyrir sér í tímans rás og margar kenningar komið fram bæði á vettvangi vistfræðilegra vísinda og félagsvísinda og allt til trúarbragða. Í samhengi við þessa orðræðu sem getið er hér að ofan mun ég í verkefni þessu skoða sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar og hvernig okkur sem þjóð hefur tekist að lifa og starfa út frá þeim grunngildum sem hún er samsett af. Er raunveruleikinn annar en ímynd sjálfsmyndarinnar? Á þann hátt leitast ég við að greina hvort Íslendingar lifi í sátt við sína sjálfsmynd eða í mótsögn við hana út frá kenningum mannfræðinnar um samveruleika manna í umhverfi sínu og viðhorfa mannsins til náttúrunnar. Flestir eru sammála um að framan af hafi maðurinn lifað sem hluti af náttúrunni en með tilkomu tækniþróunar hafi hann fjarlægst náttúruna. Undanfarið hefur umræðan tekið stakkaskiptum þar sem ágangur mannkyns á náttúru er talin óhóflegur. Eins gagnrýna ýmsir fræðimenn samtímans að svokölluð tvíhyggja leiði af sér afbrigðilega hugmyndafræði og að andstæðupörun manns og náttúru komi í veg fyrir vistfræðilegan skilning. Viðhorf tvíhyggjunnar um menningu og náttúru eru samofin sögu mannsins og trúarbrögðum meðal annars. Margir fræðimenn telja að með náinni samvinnu félagsvísinda og vistfræðilegra vísinda sé hægt að vinna gegn rótgrónu viðhorfi mannsins sem felur í sér eignun og yfirráð á náttúrunni. Niðurstaðan er margþætt en draga má út úr umræðunni að sjálfsmynd Íslendinga býr yfir tvískinnungi sem má rekja til ólíkra þjóðernissinnaðra viðhorfa sem annars vegar birtast í ferðamannaíðnaði og hins vegar í virkjanastefnu.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu við Félags-, mann-, og þjóðfræðideild Háskóla Íslands og er vægi hennar 12 einingar (ECTS). Mannfræðinámið hefur svarað jafnt sem aukið forvitni mína um manninn og samfélög hans. Námið hefur aukið mér víðsýni og kennt mér að ekki sé til neitt einfalt svar við margvíslegum spurningum varðandi hegðun mannsins. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Sveini Eggertssyni innilega fyrir samstarfið og leiðsögnina. Sérstakar þakkir fær faðir minn fyrir yfirlestur og góðar samræður tengdar verkefnum síðustu þriggja ára. Auk þess sem ég vil þakka Friðriki Páli Jónssyni fyrir yfirlestur og öllum þeim sem gerðu skrifin möguleg með ómetanlegum stuðningi.

Efnisyfirlit

Útdráttur	ii
Formáli	iii
Efnisyfirlit	iv
1 Inngangur	1
2 Ísland.....	3
2.1 Sjálfsmynd smáþjóðar: náttúra, þjóð og tunga.....	3
2.2 Græn orka stóriðjunnar	6
2.3 Ferðamennska á Íslandi.....	9
3 Landslag	11
3.1 Hugtakið landslag	12
3.2 Hver á Ísland?: eignun landslags.....	14
4 Náttúra, umhverfi og menning.....	16
4.1 Áhrif trúarbragða á viðhorf mannsins til náttúru.....	17
4.2 Tenging manns við náttúru	20
4.3 Tvíhyggja	22
4.4 Vistfræði og samveruleiki manns og náttúru	23
5 Umræður.....	27
6 Að lokum	29
7 Heimildaskrá.....	33

1 Inngangur

Samspil manna og náttúru margþætt enda margar breytur sem skarast inn í þá umræðu og hugtakið er víðtækt. Algengt er að manninum og náttúrunni sé stillt upp sem andstæðum bæði innan mannfræðinnar og í orðræðu samtímans. Rökræðan snýst um hvort maðurinn sé hluti af náttúrunni eða hvort náttúran og maðurinn séu andstæður. Fræðimenn á mörgum sviðum hafa velt þessari mikilvægu spurningu fyrir sér í tímans rás og margar kenningar komið fram bæði á vettvangi vistfræðilegra vísinda og félagsvísinda og allt til trúarbragða. Mannfræðin hefur ekki látið sitt eftir liggja í þeirri viðleitni og hafa ýmsar kenningar þessu tengt orðið rauður þráður innan fræðigreinarinnar.

Flestir eru sammála um að allt frá upphafi mannkyns hafi maðurinn lifað með náttúrunni með einum eða öðrum hætti og má því segja að menning sé háð náttúru. Menningarhugtakið felur meðal annars í sér sögulegar rætur út frá þróun mannsins sem rekja má til þess að maðurinn fjarlægist náttúruna og skapi manngert umhverfi og skapi þar með andstæður milli sín og náttúrunnar (Ingold, 2000). Rökræða milli fræðimanna um *menningu* (e. culture) gegn *náttúru* (e. nature) hefur lengi verið til staðar enda erfitt að leggja fingurinn á hvað sé félagslega lærd hegðun og hvað sé okkur eðlislægt. Deilt er um hvort hægt sé að greina slíkt yfir höfuð. Fræðimenn hafa bent á að ólík viðhorf gagnvart náttúrunni megi rekja til ólíkrar menningar samfélaga en þar hafa meðal annars trú, saga og vistfræðilegir þættir áhrif. Undanfarna áratugi hefur sífellt meira farið fyrir umræðu um vistfræðileg áhrif á náttúruna af mannavöldum þar sem bent er á að ágangur mannsins á náttúruna sé óhóflegur og kallað er eftir viðhorfsbreytingum á þeirri háttsemi. Ungt fólk hefur nú látið til sín taka í fyrsta skipti í þeirri umræðu og má þar helst nefna hina sænsku Gretu Thunberg fremsta í flokki (sjá t.a.m. Ísland er einna þekktast fyrir náttúru landsins. Við Íslendingar teljum það stafa af einstöku og ósnortnu landslagi, víðerni, tæru og hreinu vatni og endurnýjanlegum orkugjöfum, sem teljast sjálfbærir. Enda hafa íslensk fyrirtæki og ríkið sjálft markaðssett landið sem slíkt. Segja má að Ísland sé einskonar „trend“ eða tískustaður fyrir ferðamenn að heimsækja undanfarin ár. Ýmislegt getur haft áhrif á slíkt, m.a. að Ísland telst öruggur staður til að heimsækja en kannanir sýna að það er ekki síst einstakt landslag sem freistar útivistar áhugamanna og

annarra ferðamanna. Ekki er óalgengt að sjá myndir af manneskju í stórbrotnu landslagi sem gefur þá tilfinningu að manneskjan sé ein í heiminum umkringd ósnortnum og mikilfenglegum nátturuöflum. Íslensk náttúra hefur verið upphafin fyrir bæði fegurð sína og auðlindir síðan um aldamótin 1900 þegar umræður um náttúru og þjóð fóru að taka á sig mynd (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010). Í því samhengi ber að nefna að ferðaþjónusta er orðin ein af stærstu útflutningsatvinnugreinum Íslands auk vatnsaflsraforku í formi stóriðju og sjávarútvegsafurða. (Miaschi, J. 2019, 16.mái). Í þessu verkefni mun ég horfa til ferðaþjónustunnar og stóriðju. Undirstaða þessara tveggja útflutningsvara ef svo má kalla er náttúran, menningin og landslagið á Íslandi. Í þessu fellst ákveðin tvíhyggja sem vert er að skoða betur. Er samsvörun við sjálfsmýnd þjóðarinnar með þessum tveimur undirstöðu atvinnugreinum? Nauðsynlegt er að skilgreina hugtökin en við nánari skoðun má sjá að mörg önnur hugtök skarast þar inn í. Vert er að hafa í huga að hugtökin fela í sér bæði huglæga og hlutlæga merkingu og hafa verið í umræðu fræðimanna í áratugi. Færst hefur í vöxt að deilt sé um virkjanir á íslenskum fossum þar sem orka þeirra er beisluð til þess að uppfylla þarfir stóriðju, fyrirtækja og heimila landsins. Deilur hafa verið annars vegar á milli opinberra aðila og orkufyrirtækja sem vilja stuðla að atvinnuuppbyggingu og útflutningi frá orkufrekum iðnaði og hins vegar náttúruverndarsinna sem telja að fossarnir séu eitt helsta tákni íslenskrar náttúru og setji svip sinn á mikilfengleika landslagsins. Þessi ágreiningur virðist færast í aukana þrátt fyrir að ferli slíkra verkefna sé nú háð mun þrengri skilyrðum en áður, með stífu umhverfismati, umsögnum og greiningu ýmissa hagsmunaaðila.

Ferðamannastraumur til landsins hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Aukinn áhugi ferðamanna á landinu er rakinn meðal annars til náttúrufergurðar og einstaks landslags, eins og áður sagði. Með tilkomu aukinnar hnattvæðingar og internetsins hefur landslag og náttúra verið undirstrikuð sem einskonar vörumerki Íslands þar sem huglæg sjálfsmýnd þjóðarinnar er dregin upp á ýktan hátt.

Í verkefni þessu mun ég skoða út frá kenningum mannfræðinnar um samveruleika manna í umhverfi sínu og viðhorfa mannsins til náttúrunnar sjálfsmýnd íslensku þjóðarinnar og hvernig okkur sem þjóð hefur tekist að raungera sjálfsmýnd okkar út frá þeim grunnildum sem hún er samsett af. Á þann hátt leitast ég við að greina hvort Íslendingar lifi í sátt við sína sjálfsmýnd eða í mótsögn við hana. Sjálfsmýnd þjóðarinnar samanstendur af ákveðnum grunnildum, eins og ég mun fjalla um í kafla 2.1 hér á eftir og þjóðin hefur einnig skapað

ákveðið huglægt gildi um sjálfsmynd sína. Þegar ég tala um hvernig okkur sem þjóð hefur tekist að raungera sjálfsmyndina, er átt við í þessu samhengi hvort að þjóðin sé að lifa og framkvæma samkvæmt þeim gildum sem sjálfsmyndin stendur fyrir.

2 Ísland

Ísland er eyríki í Norður-Atlantshafi staðsett milli Grænlands, Færeyja og Noregs. Landið liggur yfir Atlantshafshryggnum og er því nokkuð virkt af eldfjöllum, jarðskjálftum og jarðhita. Landið er tiltölulega ungt miðað við mælikvarða jarðvísindanna eða um 26 - 44 milljón ára. Ungar hraunbreiður og fjöll setja svip sinn á landslagið með hálendisauðn og jöklum. Litlar byggðir liggja inn í fjörðum og út á eyrum hringinn í kringum landið. Veðurfar hefur einnig sett mark sitt á landslagið sem breytist eftir árstíðum og rekja má til staðsetningar eyjunnar (sem gerir hana einstaka) þar sem Golfstraumurinn gerir hana byggilega. Allt þetta hefur áhrif á sjálfsmyndarsköpun þjóðarinnar og til eru ótal dæmi sem endurspegla náttúru landsins á ýmsum sviðum samfélagsins á huglægan jafnt sem hlutlægan hátt.

2.1 Sjálfsmynd smáþjóðar: náttúra, þjóð og tunga

Ísland var eitt sinn ein af mörgum nýlendum sem voru undir stjórn stærra og völdugra ríkis. Breyttar stefnur úti hinum stóra heimi þar sem alþýðan braust undan fjötrum einræðisstjórnar bárust yfir hafið og plöntuðu fræjum hjá Íslendingum um frelsi og sjálfstæði. Íslendingar voru þá þreyttir á vondum nýlenduherrum sem þeim fannst aðeins vilja hafa fé út úr fátækri þjóð. Upp hófst barátta þar sem hinn almenni alþýðumaður barðist fyrir frelsi við Danaveldi sem svo hefur skapað það framsækna lýðræðisríki sem Ísland er í dag. Svona hefur frásögnin um sjálfstæði Íslendinga verið kennd í gegnum árin og er nú orðin einskonar helgisaga sem ekki má hrófla við. Þann 1. desember árið 1918 hlaut þjóðin fullveldi. Á þeim tíma þótti það mikill merkisáfangi, en 1. desember sem hátíðisdagur hefur nú fallið í skugga af þjóðhátíðardeginum 17. júní, en það var einmitt á þeim degi sem baráttunni lauk árið 1944 með stofnun lýðveldis og sigri sem sjálfstæð þjóð (Guðmundur Hálfðánarson, 2007). Framangreind frásögn hefur átt hlut í að móta hvern Íslending og er partur af sjálfsmynd þjóðarinnar um þrotlausa vinnu, framsækni, dugnað og þrjósku. Sjálfstæðisbaráttan og lýðræðið er enn ungt og því enn nokkuð ferskt í minni landsmanna. Þjóðernisstefnan hér á landi hefur óneitanlega mótað viðhorf Íslendinga til náttúru og umhverfis. Einn af kostum þess

að vera eyríki líkt og Ísland er að landamæri þess eru skýr og afmörkuð af náttúrunnar hendi. Yfirráð landsvæðis hafa oft einkennst af þjóðernistilfinningu sem oft hefur leitt til sorglegra afleiðinga í formi blóðugra stríða milli ríkja. Landið er því nokkuð einangrað og tungumálið hefur varðveist vel ólíkt því sem er hjá nágrannaríkjum (Gísli Pálsson og Durrenberger, 1992). Unnur Birna Karlsdóttir (2010) bendir þó á að afmörkuð landamæri Íslands hafi alla tíð verið „stef í íslenskri þjóðernishyggju“ (Bls. 19).

Íslensk tunga er í hávegum höfð þegar talað er um sjálfsmýnd þjóðarinnar. Í rökstuðningi Íslendinga í sambandssáttmála við Dani varðandi sjálfstæði þjóðarinnar er íslenska tungumálið notað í forgrunni. Þar er nefnt að íslenska þjóðin hafi varðveitt tungumálið í upprunalegri mynd germanskra tungumála og að hver íslenskur maður geti enn lesið og skilið bókmenntafjárjóði Norðurlanda sem ritaðir voru fyrir þúsund árum. Tungumálið var (og er) eitt af táknum Íslands, það afmarkaði þjóðina frá nágrannaríkjum og tengdi fortíð við nútíð (Guðmundur Hálfðánarson, 2007). Út frá þessu að dæma má segja að eitt af helstu þjóðareinkennum Íslendinga sé tungumálið sem rakið er til fornra bókmennta sem sönnun um varðveislu þess. Íslenska tungan hefur í tímans rás verið skáldum mikill innblástur. Þannig hafa bókmenntir og ljóðlist tvinnast saman sem eitt af helstu menningareinkennum íslensku þjóðarinnar. Bæði bókmenntir og ljóðlist eiga nána samleið með íslenskri náttúru. Þær sækja þangað innblástur og geyma oft kröftugar lýsingar á samspili mannsins við íslensk náttúruöfl. Þar má nefna Bjart í Sumahúsum sem flestir Íslendingar þekkja úr bókinni *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness (1961). Sagan af Bjarti í Sumarhúsum er um sjálfstæðisbaráttu eins manns sem berst við náttúruöflin til þess eins að vera sjálfstæður. Sagan kristallar ákveðna hugmyndafræði og viðhorf gagnvart náttúrunni. Bókin lýsir ákveðnum andstæðum um að náttúran sé harðgerð og hættuleg á sama tíma og hún getur verið gjöful, hlý og falleg en slík mótsögn er algeng er kemur að umræðu um íslenska náttúru (sjá t.d. Gísli Pálsson, 2017).

Á hverjum tíma hefur maðurinn horft til náttúrunnar í ljósi þess hlutverks sem hún gegnir í lífsafkomu hans. Í stórum dráttum snerist mat hans á náttúrunni um það hvernig hún sá honum fyrir fæðu, skjóli og öryggi alveg fram að iðnbyltingunni. Hér á þarfastig Maslows (1943) við, á eftir grunnþörfum koma æðri þarfir. Bændur sáu fegurð landsins í því hversu gjöfult það var og auðvelt til nytja, sjómenn horfðu til sjósóknarar og fiskimiða og svo framvegis. Margir staðir sem við teljum helstu náttúruperlur okkar nú á tímum sáu menn

gjarnan sem hættulega farartálma eins og fjöll, gljúfur, vatnsmiklar ár og jökla og sáu því litla fegurð í þeim. Segja má að fegurð landslagsins og nytjahyggja hafi haldist í hendur. Þetta var þó ekki algilt því þrátt fyrir að lífsbaráttan hafi í gegnum aldirnar verið hörð á Íslandi, þá höfum við fjölmörg dæmi þar sem landið okkar er lofsungið fyrir fegurð og stórbrotna náttúru, en ætla má að það hafi verið andans menn sem einhverra hluta vegna náðu að lyfta sér upp úr brauðstriti dagsins og horfa á umhverfi sitt með öðrum augum.

Íslenska þjóðin steig út úr moldarkofunum og inn í borgarsamfélag eftir því sem leið á tuttugustu öldina. Samhliða þessu hefur staða náttúrunnar í þjóðarvitund landsmanna breyst. Nytjahyggja sem var sterk í viðhorfi landsmanna til náttúrunnar var á undanhaldi með tilkomu iðnbyltingarinnar. Að sögn Guðmundar Hálfðánarsonar (2007) hefur sjónarmið til náttúru og umhverfisverndar tekið við af tungumáli og menningu í sjálfsmynd þjóðarinnar. Með öðrum orðum þá þótti tungumálið áður vera eitt helsta tákn Íslendinga eins og kom hér fram á undan, en er nú á undanhaldi fyrir umhverfis og náttúrustefnu. Ný afstaða þjóðarinnar til umhverfisins má rekja til breyttrar stöðu mannsins í náttúrunni. Flestir íbúar landsins búa nú í manngerðu umhverfi þar sem náttúruöflin hafa lítið að segja um lífsgæði. Lengst af gekk framþróun þjóðarinnar út á að efla kjör landsmanna og efnahag landsins. Einblínt var á framþróun í tækni landbúnaðar og fiskveiða sem og virkjun fallvatna og hvers konar stjórnun sem við kom náttúruöflum landsins. Það sem þótti fagurt voru vel ræktuð tún með vænum gripum, skip sem komu í land full af fiski og manngerðar virkjanir í náttúrunni sem framleiddu rafmagn. Allt létti þetta lífsbaráttu landans til muna og voru tákn um framþróun. Nú til dags þykir náttúra landins vera helsta tákn þjóðarinnar og spilar þar stórt hlutverk í sjálfsmyndarsköpun landsins á alþjóðavettvangi (Elísabet Eydís Leósdóttir, 2010). Eins og lýst hefur verið hér á undan hefur allt frá því í kringum aldamótin 1900 viðhorf Íslendinga einkennst af þjóðernishyggju sem birtist í viðhorfum manna um tengsl milli náttúru, tungu og þjóðar. Tengslin milli ættjarðar og Íslendinga þóttu hreinlega órjúfanleg þar sem náttúra landsins og íslenska þjóðareðlið var óaðskiljanlegt. Viðhorf Íslendinga voru slík að það að vera Íslendingur var aðeins skiljanlegt öðrum Íslendingum og ekki hægt að útskýra fyrir fólki af öðru þjóðerni (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010). Enn þann dag í dag er sú hugmynd ríkjandi í hugum landsmanna og sjá má sterk tengsl milli náttúru og þjóðar þó að áherslur hafi breyst með tímanum. Eins og sjá má á þessari umræðu hefur Ísland verið lofað fyrir bæði fegurð og auðlindir allt frá aldamótum 1900. Á þessu byggjast næstu tveir kaflar þar sem stóriðja

landsins byggist á auðlindum vatnsfalla og ferðaþjónustan á auðlind ósnortinnar fegurðar landsins.

Sjálfsmynd er huglægt fyrirbæri sem getur skilgreint bæði hópa og einstaklinga. Sjálfsmynd hóps eða þjóðar má oft sjá birtast ýktari og jafnvel áþreifanlegri við markaðsetningu og ímyndarsköpun lands fyrir umheiminum (Elísabet Eydís Leósdóttir, 2010). Sjálfsmynd og sjálfumleiki er stór þáttur innan mannfræðinnar sem ekki verður farið dýpra í í þessu verkefni heldur er gengið út frá sjálfsmynd Íslensku þjóðarinnar eftir lýsingunum hér að ofan þar sem saga sjálfstæðis, náttúra og menning fléttast saman og viðhelst frá kynslóð til kynslóðar. Í hnotskurn er sjálfsmyndin í hugum okkar Íslendingar nokkurn vegin þannig að á Íslandi býr harðduglegt, áræðið og vinnusamt fólk, sem er vant óblíðu veðurfari og harðgerðri náttúru og náttúruöflum en um leið náttúru sem býr yfir einstakri fegurð og mikilfengleika. Við erum stolt þjóð með eigin tungu sem við höfum varðveitt í tímans rás, við erum menningarþjóð sem skráði ekki eingöngu eigin sögu heldur einnig sögu konunga og annara landa. Við búum við einhver mestu lífsgæði í heiminum, jafnræði og almenna velmegun, undirstöðuáttvinnuvegir okkar starfa í sátt og samlyndi við náttúruna og við nýtum sjálfbæra orkugjafa.

2.2 Græn orka stóriðjunnar

Ein af stærstu útflutningsvörum Íslands er raforka. Íslensk raforka er nánast að öllu leyti framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum ólíkt mörgum öðrum þjóðum sem notast við brennanlegt eldsneyti, aðallega kol og olíu. Vatnsorka býr yfir þeim eiginleikum að hún fylgir hringrás vatnsins. Jöklar, ár og vötn sem upprunalega koma frá úrkomu, mynda eiginleika fallvatns í bland við þá eiginleika sem landslag í kringum það býður uppá. Landslagið býr yfir ákveðnum hæðarmun sem vatnið fellur um og er því nýtanlegt til raforkuframleiðslu. Þar með er vatnsaflsorkan talin endurnýjanlegur orkugjafi að því gefnu að hringrás vatns haldist stöðug. Því má segja að úrkomumikið verðurfar Íslands sé kostur og í raun auðlind. Gera þarf þó grein fyrir því að hringrás vatnsins er breytileg eftir árstíðum og veðurfari. Við gerð slíkra virkjana á vatni þarf að mynda stíflu til þess að hækka yfirborð vatnsins og mynda miðlunarlón. Með öðrum orðum virkar mannvirkið líkt og niðurfall lónsins sem stíflar lónið en hleypir umframvatni framhjá. Þetta er einstaklega hentugt til þess að mæta sveiflum í eftirspurn eftir raforku (Orkustofnun, 2015).

Í lok 19.aldar hófst umræða um vatnsaflsvirkjanir á Íslandi og stendur sú umræða enn með breyttum áherslum. Eins og áður kom fram breyttist líf landsmanna með tilkomu iðnbyltingarinnar á Íslandi. Þéttbýli fór að myndast, vélvæðing hófst í sjávarútvegi og auknir atvinnumöguleikar breyttu lífskjörum fólks. Jóhannes Reykdal hóf fyrstur manna nýtingu vatnsafls til framleiðslu á raforku hér á landi árið 1904 og var það lítil virkjun í Læknum í Hafnarfirði. Upp úr því spruttu upp litlar virkjanir í litlum ám og bæjarlækjum víðsvegar um landið til framleiðslu á rafmagni fyrir heimili og atvinnu. Samhliða þróun iðnvæðingarinnar voru stærri virkjanir gerðar, svo kallaðar svæðisvirkjanir og voru þær nógu stórar til þess að sjá ákveðnum landshlutum fyrir rafmagni. Elliðaárvirkjun var tekin í notkun árið 1921 og sá Reykjavík fyrir raforku fyrst um sinn en aukin eftirspurn kallaði á fleiri virkjanir. Allt frá árunum 1920 -1960 voru margar af eldri virkjunum stækkaðar og margar nýjar sáu dagsins ljós til þess að anna eftirspurn eftir raforku og útrýma dýrum díselrafstöðvum sem brúuðu bilið í millitíðinni. Samhliða þessu urðu fallvötn að eftirsóknarverðri fjárfestingu og mikil umræða varð um eignarrétt og nýtingu fossa. Náttúran var því orðin mikilvægur hluti til uppbyggingar á tæknivæddu samfélagi og breyttist viðhorf manna til íslenskrar náttúru í kjölfarið. Skiptar skoðanir voru á því hvort framselja ætti fallvatn sem virkjanakost til erlendra fjárfesta. Voru þá helst þessar tvær hliðar sem skiptu þjóðinni í andstæðar fylkingar, með eða á móti sölu á nýtingu auðlinda til erlendra fjárfesta og voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir stefnuleysi varðandi fossakaup til virkjana og verksmiðjureksturs, „það sem einum fannst vera gert í þágu þjóðarinnar fannst öðrum vera svik við hana“ (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010. Bls 27). Því má segja að hér áður fyrr hafi deilur um fallvatnsvirkjanir snúist um aðkomu erlends eignarhalds að stóriðjufyrirtækjunum sem nýttu raforkuna, fremur en um framkvæmdirnar sjálfar. Sú afstaða hefur breyst á undanförunum árum.

Flestar stærri virkjanir eru staðsettar á hálendinu og hafa því ekki raskað byggðum (fyrir utan sjö bóndabæi sem staðsettir voru á Stíflu í Fljótum og teknir voru eignarnámi fyrir lón. Sjá meira í Unnur Birna Karlsdóttir, 2010, Bls. 147). Stórar virkjanir þykja landfrekar þar sem mikið land fer undir lón. Nú til dags þykir eðlilegt að erlendir fjárfestar taki þátt í virkjanaf framkvæmdum og beinast því deilurnar frekar að umhverfisáhrifum af bæði virkjunum, framkvæmdinni og hverjum skuli selja rafmagnið. Breyttar áherslur kölluðu á umsvifamiklar breytingar sem gerðar voru í orkumálum á vegum ríkisins á árunum 1965-1967. Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 til þess að halda utan um vatnsfallsvirkjanir sem ætlaðar

voru stóriðju með jafnri þáttöku ríkis og Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið var Búrfellsvirkjun í Þjórsá reist og var hún fyrsta jökulvatnsvirkjun á Íslandi. Ítarlegt endurmat var gert af hálfu stjórnvalda árið 1999 á virkjanakostum landsins sem kölluð er rammaáætlun. Í því felst að metnir eru helstu virkjanakostir út frá áhrifum þeirra á minjar, náttúru og umhverfi sem og áhrif á þróun viðkomandi byggða áður en framkvæmdir hefjast og má því segja að um einskonafrummat sé að ræða. Rammaáætlun er ætluð stjórnvöldum og fyrirtækjum til að auðvelda ákvarðanir og velja hagkvæmstu virkjanakosti og hvernig megi bæta og breyta áætlunum með því að útiloka skaðleg áhrif á umhverfið. Einnig varpar rammaáætlun ljósi á þau svæði sem vernda ætti með lögum svo þeim verið ekki raskað á varanlegan hátt. Auk þessa auðveldar áætlunin stjórnvöldum að skipuleggja nýtingu landsins (Árni Ragnarsson og Þorkell Helgason, 2003). Rammaáætlun er því góður viðauki við þau lög sem fyrir eru um ítarlegt mat á umhverfisáhrifum og auðveldar bæði stjórnvöldum og fyrirtækjum undirbúning og áhættumat á virkjunarkostum.

Upphaf breyttra áherslna á virkjanir út frá náttúruvernd má meðal annars rekja til baráttu Kvinnalistsans. Árið 1991 lögðu þingkonur til friðlýsingu Hvítár, Ölfusár og Jökulsár á Fjöllum með náttúruverndargildi ána að leiðarljósi og til þess að sporna við „virkjanagleðinni“ sem hafði ríkt undanfarin ár hjá stjórnvöldum. Kvinnallistinn byggðist á femínískri hugmyndafræði og var stefna flokksins í virkjanamálum að nýta ætti orkuna til innlendra fyrirtækja og heimila og styrkja þannig innviði íslensks atvinnulífs með umhverfisvænum hætti og virkja ekki meira en þyrfti. Kvinnallistinn var alfarið á móti stóriðjustefnu ríkisins og álverum og taldi þá stefnu ekki skapa atvinnu sem nýttist báðum kynjum. Enn fremur benti flokkurinn á að slík stefna kæmi í veg fyrir þá ímynd sem Ísland sæktist eftir á alþjóðavettvangi um hreina og óbeislaða náttúru, matvælaíðnað og vandaða ferðamannaþjónustu (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010. Bls. 153). Barátta Kvinnalistsans var vísbending um að breytingu á hugarfari landsmanna og viðhorfum þeirra til nýtingar náttúruauðlinda. Viðhorfsbreytingin fól í sér að náttúruþyrifirbæri eins og fossar fóru að öðlast fremur huglæg og tákna gildi fyrir land og þjóð fremur en aðeins gildi peningalegs ávinnings. Í þessari hugmynd felast þær deilur sem standa í nútímanum varðandi virkjanir. Eitt helsta og elsta dæmi um árangur náttúruverndar er Gullfoss en áform um að virkja fossinn voru lögð af þar sem náttúruverndarsinum tókst að sannfæra þingmenn um að fossinn væri tákna náttúruþyrifur Íslands og væri í raun fjárfesting til frambúðar að halda fossinum óbreyttum vegna fjölda ferðamanna sem vildu sjá hann. Ber

Því fossinn í hugum manna svo mikið fagurfræðilegt gildi að litið er á hann sem auðlind í öðru formi en til raforkuöflunar (Unnur Birna Karlsdóttir, 2010, Bls. 154-155).

Samkvæmt Orkustofnun hefur orðið mikil eftirspurn eftir raforku á undanförunum árum sem helst má rekja til aukinnar stóriðju. Sjá má á gröfum frá Orkustofnun að langstærsti hluti íslenskrar raforku fer til stóriðju eða um 79 prósent allrar framleiddrar raforku á landinu og þá helst til framleiðslu á áli en aðeins lítill hluti til sjávarútvegs, þjónustu, smærri atvinnureksturs og heimila. Enn fremur sýna tölur að Ísland framleiðir langmest af raforku miðað við höfðatölu í heiminum, eða 55.000 kWst á íbúa. Til samanburðar kemur Noregur með næstmestu raforkuframleiðslu í heiminum eða um 23.000 kWst á íbúa (Orkustofnun, 2019). Tölnar miðast við skýrslu Orkustofnunar fyrir árið 2018. Hart hefur verið deilt um hvernig ráðstafa eigi þessum afurðum og hversu langt eigi að ganga í nýtingu á slíkum auðlindum. Samkvæmt Orkustofnun (2019) eru nú þegar 91 rafstöð á Íslandi og þar af eru 28 vatnsfallsstöðvar sem framleiða um 82 prósent af raforku landsins. Stærstu þættir framleiðsluiðnaðarins eru stóriðja sem aðalega framleiðir útflutningsafurðir. Framleiðsluiðnaðurinn stendur fyrir um 35 prósentum allrar útflutningsvöru landsins (Miaschi, J. 2019).

Segja má að nýlega hafi raforku- og virkjanasinnur borist rök úr óvæntri átt með nýyfyrstöðnu óveðri sem varpaði ljósi á óöryggi rafmagnsflutninga og dreifikerfa á landsbyggðinni. Raforkufyrirtæki benda á að umsóknarferlið til framkvæmdaleyfis sé of tafsamt og flókið og réttur landeigenda sé of sterkur til að hafna línulögnum yfir eignarland. Þau benda á að gagnvart mörgum veikleikum flutningskerfisins sem komu í ljós hafi þau reynt um árabíl að fá leyfi til endurbóta (Þorgerður Anna Gunnarsdóttir, 2019). Nánar verður fjallað um eignun á landi í kafla 3.2.

2.3 Ferðamennska á Íslandi

Ferðamannaiðnaðurinn er ört vaxandi atvinnugrein og margir telja að hann hafi bjargað fjárhag þjóðarinnar eftir efnahagskreppuna árið 2008 og í kjölfar þess hafi ferðaþjónustan tekið stökkbreytingu (Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2018; Miaschi, J. 2019). Talið er að ferðaþjónustan hafi numið rúmlega 10 prósentum af allri landsframleiðslu árið 2017 og sé atvinnugreinin ábyrg fyrir um 42 prósentum af heildarútflutningstekjum ársins 2017. Auk þess

sem atvinnugreinin skapar aukna atvinnumöguleika en talið er að um 27.000 manns hafi starfað við ferðaþjónustu árið 2014 (Miaschi, J. 2019). Efnahagslega má því líta á ferðamannaiðnaðinn sem stóriðju sem hefur áhrif á menningu samfélagsins og umhverfi. Samkvæmt tölum Isavia (2019) fóru rúmlega 7 milljónir farþega í gegnum Keflavíkurflugvöll árið 2018 og samkvæmt Ferðamálastofu (2019) heimsóttu um 2,3 milljónir Ísland árið 2018. Meirihluti ferðamanna kemur yfir sumartímenn eða frá júní til ágúst. Áskorun greinarinnar felst því meðal annars í að stýra ferðamannstraumnum um landið þar sem atvinnugreinin byggist að mestu á skynjun ferðamanna á umhverfi sínu. Greinin nýtir sér víðerni og óspillt umhverfi landsins og hefur því orðið mikilvægur hagsmunaaðili í skilgreiningu á notkun og stjórnun hálendis og óbyggða. Ljóst er að ferðaþjónusta og stóriðja þurfa að deila hálendi og óbyggðum þótt um sé að ræða gjörólíkar stefnur. Oftar en ekki kemur til harðra átaka milli ólíkra hagsmunaaðila þegar umræðan beinist að nýtingu hálendisins þar sem bæði ferðaþjónusta og orkuframleiðsla hafa aukist svo um munar. Rannsókn sem tekur mið af slíkum breytingum varpar ljósi á hliðstæð átök þar sem óbyggt hálendi er helsta aðdráttarafli ferðamanna en með tilkomu virkjana telja ferðaþjónustumenn og gestir að slíkt skerði gæði og upplifun. Rannsóknin sýnir einnig fram á að víðerni og óbyggðir landsins séu í raun félagslega tilbúin í hugum flestra og byggð á huglægum hugmyndum um sjálfsmynd þjóðarinnar fremur en að endurspeglar raunveruleikann í mörgum tilfellum (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Saarinen, 2015).

Við ímyndarsköpun svæðis hefur ásýnd landslags mikið að segja. Rannsóknir tengdar ferðamennsku hafa sýnt að áhrif landslagsljósmynda hafa oft áhrif á ferðamanninn áður en ferð er ákveðin og þær hafa jafnan sterk áhrif á val áfangastaða viðkomandi eftir að ferðin er hafin (sjá t.d. Goeldner og Ritchie, 2006). Þróun stafrænnar ljósmyndataekni og samfélagsmiðla er í raun burðarás þróunarinnar þar sem fyrirtæki og neytendur dreifa sjálf myndefni. Ljósmyndir á samfélagsmiðlum líkt og Instagram eiga því stóran þátt í að draga upp ímynd landsins sem og sjálfsmynd þess fyrir umheiminum. Enn þann dag í dag má sjá rómantíska upphafningu sem einkenndi ljóð- og bókmenntalist hér áður fyrir (eins og lýst var hér að ofan í kafla 2.) um náttúru og landslag í ferðamannabæklingum og markaðsefni sem tengist því.

Til stuðnings þessu má til að mynda skoða auglýsingar útivistarfatamerkisins 66°Norður þar sem ljóshærður/rauðhærður, bláeygður einstaklingur kemur fyrir í dæmigerðu íslensku umhverfi. Kristín Loftsdóttir (2015) er ein þeirra sem hafa gagnrýnt slíkar

birtingarmyndir sem dregnar eru upp fyrir ferðamenn. Hún segir að sú framandi og kynbundna birtingarmynd sem dregin er upp af Íslendingum fyrir ferðamenn eigi ekki við rök að styðjast og gagnrýnir að þjóðir séu vörumerktar undir áhrifum nýfrjálshyggju. Hún telur að slík birtingarmynd dragi upp rásíkt viðhorf nýlendufrásagna sem enn gegni of stóru hlutverki í heiminum (Kristín Loftsdóttir, 2015). Þó virðist sem slíkt hafi ekki neikvæð áhrif á ákvarðanir ferðamanna sem koma til landsins ef marka má rannsóknir sem sýna að bæði erlendir ferðamenn og Íslendingar telja ímynd landsins vera sterka og skýra þar sem náttúrufegurð, landslag og öryggi spila stórt hlutverk (Elísabet Eydís Leósdóttir, 2010). Samkvæmt nýjust rannsókn Gallup mæla að meðaltali 91,8 prósent erlendra ferðamanna með Íslandi sem áfangastað og 81,8 prósent eru í heildina ánægð með ferð sína til landsins (Friðrik Björnsson og Ólafur Elínarson, 2019). Rekja má því uppistöðu íslensks ferðamannaiðnaðar til einstakrar náttúru og landslags meðal annars. Að þessu gefnu er nauðsynlegt að upplýsa ferðamenn um umgengni við náttúruna til þess að koma í veg fyrir ágang og skemmdarverk.

3 Landslag

Orðið landslag vitnar í lögun yfirborðs jarðar sem gefur beina leið að því að hugtakið sé skoðað út frá landfræðilegri nálgun. Algengt er að sjá notkun hugtaksins í málverkum, bókmenntum og annari list, sem og umhverfishönnun og arkitektúr svo eitthvað sé nefnt. Hugtakið felur þó í sér töluvert breiðari þýðingu en aðeins sjónrænt og hagnýtt fyrirkomulag náttúrulegra og mannglegra fyrirbæra (Cosgrove, 1998). Til þess að skilja fjölbreytta merkingu þessara hugtaka er nauðsynlegt að skoða sögulegt samhengi og notast við fræðilegar nálganir sem geta greint, flokkað og kortlagt hugtökin. Landslagshugtakið er náskylt hugtökunum um náttúru og umhverfi sem fjallað verður um hér á eftir. Ólíkt náttúru- og umhverfishugtökunum felur landslagshugtakið í sér mannlegan þátt sem felst í upplifun og verður landslagið því staður þar sem maður og náttúra mætast (Hlynur Bárðarsson ofl., 2010. Bls 7). Af þessu að dæma má segja að eignarhald sé samtvinnað landslagshugtakinu. Hér á eftir verður hugtakið skoðað meðal annars sem efnahagsleg afurð sem birtist í virkjanastefnu landsins og ferðamannaiðnaði sem og hvernig eignarhaldi er háttað á íslensku landi.

3.1 Hugtakið landslag

Hugtakið landslag er margþátta og breytilegt eftir stað og stund. Hugtakið felur í sér meðal annars túlkun mannsins út frá skynjun. Orðið landslag er samsett úr orðunum land og lögun og merkir í raun lögun landsins sem inniheldur bæði sjónræna og hlutbundna eiginleika. Samkvæmt íslenskri orðabók er merking orðsins „heildarútlit landsvæðis, form náttúru á tilteknum stað“ (Mörður Árnason, 2002. Bls. 861). Orðið landslag ber oft með sér margvísleg lýsingarorð svo sem „mikilfenglegt, fagurt, stórbrotið eða sviplítið“ (Jón Hilmar Jónsson, 2005. Bls 393). Slík lýsingarorð segja til um að hugtakið innihaldi fagurfræðilega upplifun sem byggist á skynjun hvers og eins og er því ásýnd landslags sérstaklega mikilvæg ferðamannaíðnaðinum. Hugtakið er hægt að rekja alla leið til Íslendingasagna, til Morkinskinnu, en þar kemur orðið fyrir í upprunalegri mynd sem *landslag* en ekki landslag líkt og það er í dag. Þar er landslagi lýst út frá yfirborðseinkennum þess um hrjóstrugt fjalllendi og vatnskennd fen. Þessar lýsingar benda til sjónlægrar upplifunar á landslagi sem og að notkun orðsins hafi lítið breyst í gegnum árin. Úr þessu meðal annars draga Íslendingar upp huglæga sjálfsmynd á skilgreiningu þjóðarinnar á náttúru og tungu. Í greininni *The shape of land* kryfur mannfræðingurinn Tim Ingold (2012) uppruna orðsins landslag eða landscape á ensku. Viðskeytið – *scape* er tekið af sögninni *sceppan* eða *skyppan* sem er að finna í fornenskri tungu og þýðir „að skapa“. Hugtakið um *landslag* (e. landscape) í enskri tungu á uppruna sinn að rekja út frá fagurfræðilegum nálgunum þar sem listamenn sköpuðu landslag í málverkum sínum. Ekki á þó alltaf við að tala um fagurfræði og sjónlæga upplifun á hugtakinu. Svo langt aftur sem við þekkjum sögu okkar hefur maðurinn lifað með og á náttúrunni eins og áður hefur komið fram. Því liggur það í augum uppi að ekki eru það aðeins listamenn sem skapa landslagssýn/-sköpun. Á miðöldum fór landbúnaður að verða umsvifameiri og var landið notað undir margvíslega ræktun hvort sem það var undir dýr, korn eða annarskonar uppskeru. Í þessu fólst að bændur þurftu að breyta ásýnd landsins til að auka uppskeru ýmist með skóflum, göfflum eða plógum sem knúin voru með handafli eða með hjálp húsdýra. Slík vinna bænda fól ekki í sér fagurfræðileg gildi heldur aðeins praktísk gildi sem gáfu af sér arð. Orðið hefur þróast með tíð og tíma og ber í dag mun meira fagurfræðilegt gildi en það gerði á miðöldum. Þetta sýnir fram á fjölbreytta notkun hugtaksins (Ingold, 2012. Bls 198).

Landslag inniheldur allt sem ber fyrir á tilteknu svæði (e.area) svo sem sjó, ár, vötn, byggingar, fjöll og vegi svo dæmi séu tekin. Það felur í sér samsetningu alls þess sem tilheyrir svæðinu, sem skapar það og lögun þess og er landslag því talið sem hluti af svæði. Landslag tákna umheiminn sem miðil huglægrar reynslu manna á þann hátt sem hugtakið *svæði* gefur ekki augaleið að. „Landslag er leið til að sjá heiminn“ (Cosgrove, 1998, Bls 13). Eins og áður kom fram ber landslagshugtakið með sér landfræðilega nálgun. Bókmenntir og myndlist hafa í gegnum tíðina skapað tækni til þess að tjá og túlka landslagshugtakið með áherslum á huglægni einstaklingsins, eitthvað sem landfræðilegri nálgun hefði ekki tekist að gera einni síns liðs (Cosgrove, 1998. Bls 14). Saman gefa þessar tvær nálganir, huglæg og landfræðileg, einskonar heildarmynd af landslagshugtakinu. Án hvors annars segir hugtakið aðeins hálfá söguna og varð það að miðlægu menningarlegu málefni á sínum tíma. Hins vegar bendir Cosgrove (1998) á annarskonar vandamál tengt hugtakinu í bók sinni *Social formation and symbolic landscape*. Hann bendir á að algeng nálgun landfræðilegra rita um landslag séu rannsóknir á áhrifum og *atbeina* (e. agency) mannsins til þess að breyta umhverfinu. Út frá þessu á hann við að landslag sé *félagsleg afurð* (e. social product). Landslag er afleiðing sameiginlegra umbreytinga á náttúrunni af mannavöldum. Hann segir ennfremur að sú hugsun mannsins um að nýta landslag með óbyggðum eða ósnortinni náttúru sé nýleg hugmynd sem yfirleitt feli í sér höfnun á mannlegum ummerkjum í náttúrunni (Cosgrove, 1998). Slík birtingarmynd felur í sér eignun og má sjá greinilega bæði í ferðamannaíðnaði og í virkjanastefnu þjóðarinnar þar sem huglæg sjálfsmynd þjóðarinnar um hreinleika náttúrunnar er upphafin. Birtist þetta einnig í listrænni notkun landslags þar sem áhersla er á sjónræna og persónulega upplifun og listamaðurinn gerir lítið úr ummerkjum mannsins í náttúrunni eða fegrar líkt og ummerki mannsins séu aðeins hluti af náttúrulegum óbyggðum (Cosgrove, 1998, Bls. 14). Það er í raun undirstaða þess hvernig ýkt sjálfsmynd þjóðarinnar birtist í markaðsefni ferðaþjónustunnar. Einskonar klofningur varð milli myndlistar og vísindalegrar nálgunar hvað varðar landslags hugtakið í upphafi aldarinnar. Landslags hugtakið hafði þá verið miðlægt menningarlegt málefni sem tekist var á um út frá listrænum gildum. Við tók ljósmyndin sem fangaði landslagið með nákvæmri eftirmynd. Landfræðin byrjaði að meðhöndla landslagshugtakið sem sérstaka grein eða undirflokk innan fræðanna, á meðan ljósmyndir ruddu sér leið inná listfræðilegan hluta hugtaksins. Með ljósmyndum breyttust eiginleikar landslags í almenna vöru sem framreidd var til að auka ferðamannastraum (Cosgrove, 1998,

Bls. 11) Þá sérstaklega með tilkomu stafrænnar ljósmyndatækni eins og getið var í kafla 2.3 hér að ofan.

Landfræðingurinn J.B Jackson (í Cosgrove, 1998. Bls 34-35) hélt því fram að landslag væri festa í lífi mannsins, ekki aðeins til að horfa á heldur til að lifa í, bæði félagslega og sem partur af landslaginu sjálfu. Hann segir fólkið sem í því býr mynda saman eina einingu og tvinni saman við landslagið. Hann heldur því fram að sú hugmynd að maðurinn og náttúran séu andstæður séu leifar frá Viktoríutímanum og sé í raun úrelt. Samkvæmt hugmyndum hans á landslagið að vera metið sem svæði til búsetu og vinnu út frá þeim sem raunverulega búa og starfa á tilteknu svæði en saman skapi það hugtakið landslag. Slík hugmynd felur í sér ákveðna eignun og yfirráð landsvæðis sem nánar verður farið í hér á eftir.

3.2 Hver á Ísland?: eignun landslags

Eins og hér að ofan var rætt hefur maðurinn hagrætt landslagi og náttúru sér í hag til þess að auðvelda sér lífið til fæðuöflunar, samgangna og nýtingar auðlinda svo dæmi séu tekin. Maðurinn hefur því eignað sér land og náttúru þess til þess eins að þjóna sér. Í slíkri eignun felur í sér sú huglæga hugmynd að tilheyra ákveðnum svæðum sem skapa sjálfsmynd einstaklinga og hópa. Eignun á landsvæði felur líka í sér meðal annars mörk og mæri og lög og reglur sem fara þarf eftir.

„Landslag yrði/lítills virði/ef það hétu ekki neitt“ Svona hljóðar loka setning annars erindis í ljóðinu Urð og grjót eftir Tómas Guðmundsson. Á tuttugustu öldinni fara menn að gefa náttúru og landslagi meiri gaum og rík áhersla er á að varðveita nöfn og örnefni sem landshlutum og stöðum hafa verið gefin í gegnum tíðina. Þau sýna að menn bæði nutu náttúrunnar og óttuðust hana enda bera margir staðir ljúf og falleg nöfn á meðan aðrir bera nöfn sem lýsa erfiðum aðstæðum og hættum og voru oft farartálmar. Nú á tímum horfum við fyrst og fremst á landslag út frá fegurð þess, en fegurðin getur verið samsett úr ýmsum þáttum svo sem mikilfengleik, hrikaleika og andstæðna við nánasta umhverfi. Nöfn landsvæða bera með sér ákveðna eignun og eiga þátt í að skapa sjálfsmynd bæði einstaklinga og hópa. Taka má sem dæmi að Íslendingar skilgreina sig sem Íslending í samhengi við fólk sem er ekki íslenskt. Þegar við skilgreinum okkur út frá öðrum Íslendingum þrengjum við hringinn og skilgreinum okkur eftir svæðum innan Íslands, eftir bæjum og jafnvel hverfum innan sveitarfélaga en slíkt er háð landfræðilegum mörkum og eignun á þeim svæðum. Eins og

vitnað var í í kafla 2.1 um sjálfsmynd þjóðar hér að ofan segir Guðmundur Hálfðánarsson (2007) tilhneigingu landans til náttúruverndar oft einkennast af orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar sem birtist í sjálfsmynd þjóðarinnar. Eins segir hann að slíkt sé ekki undarlegt þar sem hvert land skilgreini sig út frá landfræðilegum mörkum og þeim hópi manna sem telst hafa rétt til landsins innan þeirra marka. Því má segja að ættjörðin sem telst innan ákveðinna landfræðilegra marka sé lykilhugtak í sjálfvitund hvernar þjóðar. Hann bendir einnig á að í pólitískri umræðu sé ættjörðin talin „heilög sameign þjóðar“ (Guðmundur Hálfðánarson, 2007. Kafli 9). Að því gefnu öðlast landið sterka huglæga merkingu í hugum þegnanna. Taka má Þingvelli sem dæmi um slíkt. Þingvellir eru álitnir sögulegur staður, túlkaður sem tákn Íslendinga, sameiningartákn þjóðarinnar. Þingvellir eru í augum landans svæði sem hver Íslendingur á og er sameign þjóðarinnar (Sjá t.d. Guðmundur Hálfðánarson, 2007, Kafli 8). Eins og staðan er núna á íslenska ríkið stærstan hluta landareigna þótt þeim hafi farið fækkandi á undanförunum 20 árum. Þó hefur ríkið verið að fjárfesta í landsvæði eða jörðum einkum vegna náttúruverndarsjónarmiða og má þar nefna meðal annars Teigarhorn í Djúpavogshreppi, Fell í Suðursveit, landsvæði við Geysi og Hellisfjörð sunnan við Norðfjörð (Fjármála og efnahagsráðuneytið, 2019). Lítið hefur verið á auðlindir landsins sem sameign þjóðarinnar þó að lög geti bent til annars og hafa þau verið gagnrýnd fyrir að vera óljós. Almannahagsmunir eiga þó ávallt að vera í forgrunni samkvæmt lögum þegar um er að ræða fjárfestingar ríkisins í hverskonar eignum og auðlindum. Í næsta kafla (4.1) verður farið stuttlega í trúarleg viðhorf til náttúrunnar og er því við hæfi að nefna hér að íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu samning árið 1998 um að kirkjan myndi afhenda allar sínar jarðir og lönd til ríkis og í 1998 um að kirkjan myndi afhenda allar sínar jarðir og lönd til ríkis og í stað þess myndi ríkið veita fé til þess að greiða laun presta og kosta rekstur safnaða. Kirkjan var ríkur landeigandi en ríkið hefur nú selt og útteilt þó nokkuð af þeim löndum sem það fékk með samningnum (Alþingi, 1997). Sameining ríkis og kirkju hefur því óneitanlega haft áhrif á viðhorf og sjálfsmyndarsköpun þjóðarinnar í gegnum tíðina en sameiginlega vegferð íslensku kirkjunnar og þjóðarinnar má rekja aftur til árisins 1000 (Ágúst Þór Árnasson, 2011).

Ef við færum okkur nær umræðu líðandi stundar þá hefur svokallaður „þriðji orkupakki“ verið mikið til umræðu á líðnu ári. Rafmagn á Íslandi þykir eftirsóknarvert eins og áður sagði þar sem það telst endurnýjanlegur orkugjafi og því umhverfisvænn. Í stuttu máli má segja að pakinn sé regluverk um flutning á gasi og raforku milli landa sem eru aðilar að

EES og honum fylgir ný orkustofnun sem sett verður á laggirnar í Evrópu (ACER). Hávær gagnrýni hefur verið hér á landi þar sem sumir telja að reglugerð þriðja orkupakkans feli í sér framsal á fullveldi Íslands í orkumálum til ACER (eftirlitsstofnunar orkumála EES-ríkja). Gagnrýnin felur meðal annars í sér að löggjöfin sem þessu fylgir sé samin fyrir aðrar aðstæður en eru á Íslandi og þar sem Ísland er eyríki sé það ekki tengt sameiginlega markaðnum og sé því ekki okkur í hag (Birgir Þór Harðarson, 2018). Umræðan hefur meðal annars snúist um að leggja sæstreng frá Íslandi til meginlands Evrópu til þess að tengja íslenskan raforkumarkað við þann evrópska. Í ágreiningi um orkupakkann má greina rótgróið stef sjálfstæðisbaráttunnar að standa þurfi vörð um land, auðlindir og hagsmuni þjóðarinnar. Alþingi hefur samanlagt rætt um orkupakkann í 138 klukkustundir og hefur málið vakið harðar deilur. Gagnrýni á orkupakkann og sæstrenginn er ekki eina umræðan um takmörkun á yfirráðum og eignarhaldi á auðlindum landsins heldur hefur umræðan reglulega beinst að kaupum erlendra fjárfesta á íslensku landi þrátt fyrir litla tengingu við það. Umræður um kaup og eigu á auðlindum og landsvæðum hér á landi endurspegla oft þá huglægu sjálfsmynd sem þjóðin telur sig hafa þó að ótal dæmi séu um að efnahagslegur ávinningur ráði för að lokum. Það virðist falla illa að sjálfsmynd þjóðarinnar að erlendir auðmenn eignist og eigi jarðir og heilu landsvæðin sem yfirleitt fela í sér einhver hlunnindi og auðlindir, sem við, þegar landsins, teljum okkur eiga að hafa einhvern aðgang að.

4 Náttúra, umhverfi og menning

Hugtakið *náttúra* (e. nature) hefur tekið ákveðnum stakkaskiptum bæði innan fræðanna og í almennri umræðu undanfarið. Erfitt er að fjalla um náttúruna án þess að tala um *umhverfið* (e. environment). Slík stakkaskipti eru til komin vegna vitundarvakningar um umgengni manna við náttúruna en háværar umræður hafa verið um hlýnun jarðar, hækkun sjávar, bráðnun jökla og örplast í jarðvegi og sjó svo fátt eitt sé nefnt. Vísindamenn hafa rakið ástæður þessa beint til kröfuharðrar neysluvenju mannsins sem gengur hratt á auðlindir jarðar (sjá t.d. Bourdieu. Ph., 2004).

Timothy W. Luke er einn af mörgum fræðimönnum sem gagnrýna orðræðu samtímans um notkun umhverfishugtaksins í grein sinni *On Environmentality: Geo-Power and Eco-Knowledge in the Discourses of Contemporary Environmentalism*. Hann segir að vegna aukinnar umræðu um meðferð manna á náttúrunni hafi einstaklingar stokkið á

umhverfisvagninn til þess eins að gera heiminn örlítið betri. Hins vegar séu margir sem fylgi þeim vagni og geri það að siðferðislegri krossferð án þess að hafa skýra hugmynd um hvað liggja að baki hugtakinu. Slíkur skortur á skilningi hugtaksins eða miðlægri merkingu umhverfis sé áhugaverður þar sem orðræða samtímans setji fram þá sýn að umhverfisverndarvitund sé siðferðislegt gildi. Hann segir að orðræðunni sé stýrt af hálfu stjórnvalda og með félagslegri stjórnun sem notfæri sér orðræðuna með áherslu á hollustu einstaklingsins við að leysa umhverfisvanda samtímans. Hann gagnrýnir tíða notkun orða eins og umhverfis, umhverfisstefnu og umhverfisverndarsinna og segir að erfitt sé að greina hvenær notkun orðanna fór að verða jafnalgeng og hún er nú til dags. Fyrir árið 1965 voru hugtökin sjaldséð í almennri umræðu (sem kemur heim og saman við umræður og deilur sem voru á sama tíma um virkjanastefnu á Íslandi). Algengara var að sjá hugtök á borð við náttúru, vistfræði og vernd þegar vísað var í einkenni umhverfis. Í dag hefur þetta breyst og má segja að umhverfishugtakið hafi leyst náttúruhugtakið af. Hann telur þessa þróun áhugaverða að því leyti að merkingar náttúruhugtaksins hafi sannreynst í gegnum tíðina á meðan umhverfishugtakið sé ekki dregið í efa en sé á sama tíma nokkuð óljóst þegar nánar er skoðað. Auðvelt er að leggja mat á notkun hugtakanna tveggja en það gerði Luke með því að fletta í gegnum dagblöð frá 1960 til dagsins í dag og orðræðugreina hugtökin. Hann gagnrýnir ennfremur fræðimenn fyrir notkun þeirra og bendir á að þrátt fyrir mikilvægi þess sleppi umhverfishugtakið stöðugt við nákvæma skilgreiningu, jafnvel þó að um sé að ræða umræður og rit frá fræðimönnum. Hann segir að gengið sé út frá því að hugtakið sé orðið það algengt og augljóst að forsendur til þess að skilgreina það séu orðnar óþarfar (Luke, T. 1995. Bls. 258-9). Slíka tilhneigingu til að skilgreina ekki umhverfishugtakið megi einnig sjá í náttúrustefnu og umhverfisgreiningum stjórnvalda. Í þessu samhengi verður leitast við að skoða skilgreiningar hugtakanna út frá mannfræðilegu sjónarhorni auk þess sem viðhorf manna til umhverfisins verður skoðað út frá skilgreiningu trúarbragða og trúarríta sem menn hafa löngum notast við sem leiðarvísi um lífið. Þannig má mögulega sjá hvaðan hugmyndir og viðhorf mannsins til náttúrunnar koma og greina þá sjálfsmynd sem þjóðin telur sig lifa eftir.

4.1 Áhrif trúarbragða á viðhorf mannsins til náttúru

Mannfræðingar álíta að það séu allt frá 200 þúsund árum upp í 2 milljónir ára frá því að *nútímamaðurinn* (e. *Homo sapiens*) kom fyrst fram á sjónarsviðið, en það hefur lengi verið deilumál fræðimanna (Park, M.A, 2010. Bls. 122). Hins vegar er ekki deilt um að jörðin með

allri sinni náttúru var til langt á undan nútímamanninum. Í sjálfu sér er hugtakið náttúra merkingarlaust án mannsins þar til maðurinn ljær því merkingu með því að túlka fjölbreytta eiginleika hennar sem þýðingarmikla (Luke, T. 1995, Bls. 257). En það er eitt af því sem maðurinn hefur fengist við í margar aldir.

Hin klassíska gríska heimspeki taldi að heimurinn væri einfaldur og voru þar upphafsmenn *smættarhyggjunnar* (e. reductionist) fremstir í flokki. Því hefur verið haldið fram að hugmynd Platóns („The natural world is an illusion“) hafi verið allsráðandi á miðöldum en hugmyndin fól í sér að ást á náttúrunni rýrði ástina til Guðs (sjá t.d. Krieger, M., 1992). Heimpekingarnir Aristoteles og Theophrastus höfðu hins vegar aðra sýn sem taldist til undantekninga frá viðhorfum Platóns. Hugmyndir Aristotelesar og Theophrastusar byggðust á „teleology“ hugmyndafræði, það er að allt sem var í náttúrunni þjónaði tilgangi. Hugmyndafræðin fól í sér að heimurinn væri samsettur úr ólíku efni og byggði yfir því eðli að vera í viðstöðulausri breytingu sem Guð stjórnaði og skapaði (the Prime Mover) og er allt þetta (heimurinn) í þágu mannsins. Segja má að Theophrastus hafi verið fyrsti vistfræðingurinn, vegna þess að hann hafði skilning á samspili lífvera og búsvæðum þeirra og taldi þau þjóna hvorum öðrum. Heimspekingurinn Markús Árelíus kom fram með þá fallegu kenningu að umheimurinn og allt sem í honum væri væri ein lifandi lífvera sem hefði sameiginlega sál og væri úr sama efni. Út frá þessu sagði hann að réttast væri að lifa í sátt og samlyndi við náttúruna (Bourdeau, Ph., 2004).

Samkvæmt Biblíunni: fyrstu bók Móse (Genesis) skapaði Guð jörðina og allar lífverur sem á henni eru. Guð skapaði jörðina, dag, nótt, stjörnurnar og tunglið, gróður, vötn, höf og lönd. Á fjórða degi sköpunar skapaði Guð sjávardýrin og fugla. Á fimmta degi skapaði hann skepnur, hann skapaði fénað, skriðkvikindi og villidýr (Fyrsta Mósebók 1.1-25). Að lokum skapaði hann karl og konu.

Guð sagði: „Vér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, líkan oss, og skal hann drottna yfir fiskum sjávar og yfir fuglum loftsins og yfir fénaðinum og yfir villidýrunum og yfir öllum skriðkvikindunum..“ (Fyrsta Mósebók 1.26).

Guð blessaði þau, og sagði við þau: „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið...yfir öllum dýrum sem hrærast á jörðinni.“(Fyrsta Mósebók 1.28)

Þegar lengra er komið í fyrstu Móse bók og flóðið mikla var yfirstaðið blessaði Guð Nóa og syni hans og sagði:

Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina. Ótti við yður og skelfing skal vera yfir öllum dýrum jarðarinnar, yfir öllum fuglum loftansins, yfir öllu, sem hrærist á jörðinni, og yfir öllum fiskum sjávarins. Á yðar vald er þetta gefið. Allt sem hrærist og lifir skal vera yður til fæðu, ég gef yður það allt, eins og grænu jurtirnar... (Fyrsta Mósebók 9.1-3).

Af þessu að dæma þá skapaði Guð allt líf á jörðinni fyrir manninn, og manninn fyrir sjálfan sig sem bendir til þess að maðurinn sé ekki hluti af náttúrunni heldur gerður eftir líki/mynd Guðs.

Oft er vitnað í heimspekingana Francis Bacon og René Descartes til að varpa ljósi á viðhorf kristinnar trúar til sambands manna og náttúru (Bourdeau, Ph., 2004). Bacon hélt því fram að nauðsynlegt væri að komast að leyndardómi náttúrunnar með notkun vísinda svo hægt væri að beisla náttúruna til þess að þjóna manningnum og fullnægja óskum hans (Biography.com Editors, 2019a). Descartes var á sama máli, hann hélt því fram að með vísindin að leiðarljósi gæti maðurinn stjórnað náttúrunni sem sinni eigin eign auk þess sem hann taldi dýrin vera tilfinningasnaugar lífverur (Biography.com Editors, 2019b; Bourdeau, Ph., 2004). Heimspekingurinn Baruch Spinoza trúði því hins vegar að hver einasta lífvera og hlutur væri tímabundin birtingarmynd úr sama efninu sem allt var búið til af Guði. Þar með væri maðurinn ekki lengur æðri náttúrunni, líkt og gyðingdómur og kristin trú predikuðu. Spinoza var ásakaður fyrir að vera heiðingi út frá þessum hugmyndum sínum (Bourdeau, Ph., 2004) og var í kjölfarið útskúfað úr fjölskyldu sinni sem tilheyrði samfélagi gyðinga auk þess sem kirkjan bannaði útgáfu á ritum hans. Mögulega voru hugmyndir Spinoza fengnar frá heilögum Frans frá Assisi en viðhorf hans um samband mannsins við náttúruna var ólík þeim viðhorfum sem ríktu á þeim tíma. Hugmyndir heilags Frans frá Assisi einkenndust af víðsýni sem lýsti sér í upphafningu Guðs sem skapara alls bæði lifandi vera og dauðra hluta. White (1967) bendir á í grein sinni *The historical roots of our ecological crisis* að lykilinn að sýn Frans liggir í auðmýktinni ekki aðeins fyrir einstaklinginn heldur fyrir mannkynið sem tegund. Hann bendir á að Frans hafi reynt að sannfæra kirkjuna að með því að sýna auðmýkt í garð náttúrunnar væri maðurinn að sameinast sál Guðs. Í greininni gagnrýnir White viðhorf kristinnar trúar til náttúrunnar.

No new set of basic values has been accepted in our society to displace those of Christianity. Hence we shall continue to have a worsening ecologic crisis until we reject the Christian axiom that nature has no reason for existence save to serve man (White, 1967).

Hann segir að af öllum trúarbrögðum setji kristin trú manninn (sem er skapaður í mynd Guðs og því æðri) framur öllu öðru sem þannig hafi ýtt undir stjórnlausu nýtingu náttúruauðlinda og mengun sem hafi leitt til umhverfishamfara. Hann segir að nauðsynlegt sé að skipta út úreltum gildum kristinnar trúar sem séu rótgróin í samfélaginu (White, 1967).

Til samanburðar má geta þess að í helgiriti múslima, Kóraninum, segir í sutra 33:72 að ábyrgð náttúrunnar sé á herðum manna og að Guð hafi skilið eftir ákveðna hluta ókláraða við sköpun jarðar og maðurinn hafi fengið vald til að klára þá sköpun fyrir sjálfan sig.

Andstætt hinum trúarlegu ritum sem vitnað er í hér á undan álíta trúarrit taóista, búddista og hindúa að mannkynið, náttúran og hinn æðri kraftur (Guð) séu eitt og hið sama og því sé stuðlað að því að menn, náttúra og dýr lifi í sátt og sameiningu og að virðing sé í hávegum höfð milli alls þess sem er lifandi (Bourdeau, Ph., 2004). Þrátt fyrir þessa trúarskoðun virðist sem samfélög þessara trúarhópa séu markvisst að taka upp vestrænan lífsstíl og allt það sem því fylgir. Líkt og áður kom fram í kafla 3.2 má rekja samband ríkisins og íslenskrar kirju allt til ársins 1000 (Ágúst Þór Árnasson, 2011). Kirkjan var frá upphafi valdamikil stofnun í íslensku samfélagi. Að því gefnu hefur trúarleg afstaða okkar Íslendinga mjög líklega mótað tvískinnung í sjálfsmynd, viðhorfum og meðferð gegn náttúrunni hér á landi hvort sem er meðvitað eða ómeðvitað.

4.2 Tenging manns við náttúru

Í nútímasamfélagi er það sjálfgefið að menning sé eitt af grundvallaratriðum sem allir menn eigi sameiginlegt og því sé rangt að halda því fram að einhver samfélög búi yfir meiri menningu en önnur. Engin mæling er til yfir menningu og búa öll samfélög yfir menningu. Ekkert samfélag býr yfir meiri menningu en annað heldur birtist hún á ólíka vegu. Hins vegar er algengt viðhorf gagnvart þeim samfélögum sem notast við einfalda tækni að þau hafi meiri skilning og innsæi á náttúruferlum og hvernig eigi að lifa í samræmi við náttúruna en önnur tæknivæddari samfélög að sögn Eriksen (2010/1995). Með öðrum orðum þá eru þau samfélög

sem ekki hafa sett þykkt lag milli sín og náttúrunnar (svo sem veiðimenn og safnarar) talin vera tengdari náttúrunni en iðnvæddi maðurinn sem hefur einangrað sig frá náttúrunni með tilkomu steyptra bygginga og borga, með bílum, sínum og tölvum svo eitthvað sé nefnt. Eriksen (2010/1995) telur slíkt viðhorf ekki eiga við rök að styðjast. Hann bendir á að öll samfélög búi yfir skipulagðri menningu eins og kom fram hér á undan, og séu byggð upp á ólíka vegu og því ekki hægt að áætla að veiðimenn og safnarar séu tengdari náttúrunni en iðnvæddi maðurinn þar sem öll samfélög búi yfir menningarlegum strúktúr. Það liggja þó í augum uppi að þær breytingar sem samfélög veiðimanna og safnara geri á náttúrulegu umhverfi sínu séu mun áhrifaminni en þær sem séu gerðar í iðnvæddum samfélögum. Þar nefnir Eriksen (2010/1995) meðal annars að fjölgun sé talsvert hægari hjá veiðimönnum og söfnurum auk þess sem þeir raski ekki grunnferlum náttúrunnar til frambúðar líkt og í iðnvæddum samfélögum (Eriksen, 2010/1995). Ljóst er að bæði veiðimenn og safnarar og iðnvædd samfélög lifa á náttúrunni en þó á ólíkan hátt. Lýst var í köflum 1.2 og 1.3 að Ísland notfærir sér meðal annars ferðapjónustu og virkjanir sem lifibrauð á meðan veiðimenn og safnarar notast við frumstæðari aðferðir. Þeir notast fremur við það sem náttúran gefur þeim án þess að raska náttúrulegu ferli hennar til frambúðar ef svo má segja, með veiði á villtum dýrum og tínslu villijurta svo eitthvað sé nefnt.

Í viðhorfabreytunum sem lýst er hér að ofan birtist ákveðin tvíhyggja og bendir Eriksen (2010/1995) á að grundvöllur þessara ólíku viðhorfa milli samfélaga feli í sér *hlutlæga* (e. object) og *huglæga* (e. subject) nálgun. Hann segir að iðnvædd samfélög líti á náttúruna sem hlutlæga þar sem þau geti stöðugt verið að breyta og aðlagð hana eftir sínum þörfum fremur en að uppskera það sem hún hafi upp á að bjóða hverju sinni og líti á hana sem hluta af samfélaginu líkt og samfélög veiðimanna og safnara geri (Eriksen, 2010/1995, Bls 48-50). Ljóst er að ólík viðhorf gagnvart náttúrunni eru milli samfélaga og getur sá viðhorfamunur átt sér uppruna í trúarbrögðum eins og lýst var í kaflanum hér á undan. Ólíkt trú iðnvæddra samfélaga, einkennist trú veiðimanna og safnara, sem mannfræðingar hafa skoðað og fjallað um, gjarnan af virðingu gagnvart öndum forfeðra sem hefur kennt þeim að umgangast þann lífheim sem þau búa við og endurspeglar praktíska nálgun (sjá t.d. Briggs, 1970 og Siskind, 1973). Sú hlutlæga og huglæga nálgun sem lýst var hér flokkast sem kartesísk tvíhyggja. Til þess að skilja betur þá umræðu sem hefur átt sér stað innan mannfræðinnar um andstæðu

manns og náttúru er best að byrja á því að skoða áhrif tvíhyggjunnar en hún getur hjálpað til við að varpa ljósi á þá eignun og yfirráð landslags sem ríkt hefur í sjálfsmynd Íslendinga.

4.3 Tvíhyggja

Í meira en 40 ár hefur verið deilt um tvíhyggju náttúru og menningar innan mannfræðinnar. Sú umræða hefur skapað ýmis greiningarverkfæri sem gagnast hafa fræðimönnum við rannsóknir á ólíkum birtingarmyndum hugtakanna milli samfélaga (Descola og Pálsson, 1996, Bls. 2).

Fræðimenn sem aðhylltust efnishyggju töldu náttúruna vera grundvöll allra ákvarðana félagslegrar hegðunar og þar með gætu þeir yfirfært líkön sem náttúruvísindin notuðust við. Með þessu vonuðust þeir að til yrði svigrúm og víðtækari grundvöllur til umræðu um innri og ytri náttúru innan félagsvísindanna (Descola og Pálsson, 1996, Bls. 2) (fjallað er betur um innri og ytri náttúru í kafla 4.4 hér að neðan). Með öðrum orðum þá aðhylltust þeir fræðimenn þá skoðun að náttúran mótaði menningu manna og samfélaga. Með athyglina á þessu var lítilli athygli beint að því hvernig aðrir menningarheimar en sá vestræni skilgreindu umhverfi og samband mannsins við það nema þá aðeins til þess að meta samleitni eða misræmi á huglægum menningarbundnum skilningi og þvermenningarlegum rétrúnaðarsíðareglum sem felast í náttúrulögmálunum.

Gott er að líta til hugmynda Lévi-Strauss (1968) um tvíhyggjuna til útskýringar. Lévi-Strauss er einn af upphafsmönnum formgerðarhyggjunnar (e. structuralism) sem telst ein af grunnkenningum mannfræðinnar (Eriksen, 2010/1995). Hann setti fram formgerðarhyggjuna sem rannsóknarverkfæri til þess að sýna fram á að mannshugurinn virkaði í grunninn á samskonar hátt óháð menningarheimi einstaklings. Formgerðarhyggja átti að varpa ljósi á hvernig mannshugurinn ynni kerfisbundið úr gríðarlegu magni upplýsinga sem fyrir honum yrðu í tilverunni með því að skapa andstæðupör (e. binary oppositions). Kenningin fól í sér að maðurinn leitaðist við að flokka flókin fyrirbæri í tilverunni í andstæðupör sem lausnir á tilvistarlegum vandamálum, konur/karlar, líkami/hugur og menning/náttúra svo dæmi séu tekin. Kenning Lévi-Strauss (1968) einkenndist af því að formgerð hugans væri samskonar hjá öllum. Fræðimenn samtímans tóku tvíhyggjunni sem sjálfsögðum hlut og miðluðu í raun sömu

hugmyndafræðinni um hugtak náttúru þótt áherslurnar væru ólíkar (Descola og Pálsson, 1996, Bls. 3).

Hins vegar hafði formgerðarhyggjan notast við andstæðupörun náttúru og menningar sem greiningarverkfæri til þess skilja ólíka helgisiði, flokkunarkerfi og táknmyndir ásamt mörgum öðrum þáttum sem tengjast félagslegum þáttum og bera ólíka eiginleika út frá huglægum og hlutlægum eiginleikum sem og ólíkum skilgreiningum (Descola og Pálsson, 1996, Bls.2-3). Ólíkt fræðimönnum sem aðhylltust efnishyggju töldu fræðimenn formgerðarhyggjunnar að menningin gæfi náttúrunni merkingu.

Þó að tvíhyggjan (e. dualism) sé enn til umræðu innan fræðinnar hefur kenning Lévi-Strauss verið gagnrýnd fyrir að gefa ekki gaum mikilvægi samfélagslegra þátta sem gætu haft áhrif á formgerð hugans (Eriksen, 2010/1995. Bls. 116). Þó flestir fræðimenn telji kenninguna úrelta í dag getur hún verið notuð til að varpa ljósi á hvernig tvíhyggjuhugmyndir um menningu og náttúru birtast í ólíkum samfélögum. Ein slík umfjöllun sem vakið hefur athygli er greinin *Is female to male as nature is to culture?*, eftir Sherry Ortner (1974). Í greininni veltir hún því upp hvað sé algilt og sértækt milli kynjanna. Hún segir að konur séu oft tengdar við náttúrulega ferla vegna líffræðilegra eiginleika þeirra og þær séu því jafnan taldar í nánara sambandi við náttúruna en karlmenn. Hún telur að staða kvenna sé í öllum samfélögum síðri en staða karla. Eins og titill greinarinnar bendir til líkir hún konunni við náttúruna og karlmanninum við menningu í heimi þar sem menningin hefur stjórn á náttúrunni. Þannig geta hugmyndir um náttúru átt hliðstæðan þátt í menningu þar sem náttúrulegir þættir eru notaðir til þess að útskýra menningarleg fyrirbæri. Þó Ortner sé í sjálfu sér ekki að gagnrýna tvíhyggjuna er hún að benda á að með viðhorfum tvíhyggjunnar birtist konur og náttúran sem undirokaði flokkurinn gagnvart karlmönnum og menningunni og ýtir tvíhyggjan undir slíka flokkun og viðheldur henni. Endurtekin gagnrýni fræðimanna samtímans er á þann veg að tvíhyggjan um náttúru og menningu komi í veg fyrir vistfræðilegan skilning (Descola og Pálsson, 1996: Ingold, 2000).

4.4 Vistfræði og samveruleiki manns og náttúru

Kartesísk tvíhyggja hefur flokkað náttúruhugtakið niður í tvö meginhugtök. Annars vegar vistfræðilega nálgun sem vísar til *ytri náttúru* (e. external nature) og mannlegt eðli sem vísar

til *innri náttúru* (e. inner nature). Samkvæmt Eriksen (2010/1995) flokkast bæði þessi hugtök sem andstæða menningarhugtaksins. Hann segir að allt sem er talið menningarlegt sé alltaf andstæða þess sem er náttúrulegt en eins og áður kom fram hefur slík tvíhyggja verið gagnrýnd. Eriksen bendir á að menningarhugtakið feli í sér umbreytingu og jafnvel afneitun á því sem er í raun náttúrulegt. Þegar talað sé um tengsl milli manna og náttúru verði ekki hjá því komist að glugga inn í vistfræðilegar skýringar mannfræðinnar sem undirstriki sterk tengsl milli manna og náttúru. Ólíkt þeirri skilgreiningu að menning sé andstæða náttúrunnar gefa vistfræðilegar skýringar okkur hugmynd um hverskonar áhrif umhverfið hafi á þróun samfélags og menningu þess. Hluti af náttúrunni sem maðurinn fær ekki breytt getur verið sem ógn við þær mannlegu gjörðir sem menn aðhafast í náttúrunni til dæmis geta miklir þurrkar eyðilagt uppskeru. Á sama tíma er menningin þess eðlis að hún er háð náttúrunni. Náttúran er oft talin ógnvekjandi fyrirbæri sem erfitt sé að stjórna á sama tíma og hún veitir nauðsynleg hráefni fyrir menningarlegar afurðir. Með öðrum orðum þá getur hún í raun bæði verið andstæðingur á sama tíma og hún er lífsnauðsynlegur meðspilari. Talið er að umhverfið og veðráttu hafi hvað mest áhrif á þróun mannsins og menningar innan samfélags. Út frá vistfræðilegum kenningum var áður túlkað sem svo að þróun samfélagsins ákvarðaðist af umhverfinu sem samfélagið býr við. Með því er átt við að sú orka sem samfélag beislar í umhverfi sínu ákvarðar menningarstig þjóðfélagsins. Hugmyndir eru um að tækniþróaðri lönd hafi þróast vegna þess að þau hafi þurft meira á því að halda en þau sem ekki voru jafn þróuð. Eriksen (2010/1995) segir að sú hugmynd hafi verið ríkjandi sem ein af vistfræðilegum skýringum menningar hér áður fyrr. Svo dæmi sé tekið má segja að í kaldari löndum hafa gróðurhús verið þróuð til þess að rækta innanhúss þar sem umhverfi og veður sporna gegn því að hægt sé að rækta utandyra allt árið um kring. Kenningin hefur þó verið gagnrýnd og bent er á að mörg samfélög hafi þróast í ólíkar áttir þrátt fyrir samskonar veðráttu og umhverfisaðstæður.

Tim Ingold (2000) er einn þeirra fræðimanna sem gagnrýnt hafa tvíhyggjuhugmyndir menningar og náttúru. Hugmyndir sálfræðingsins James Gibson (1979/1986) um sjónræna skynjun hafa haft einna sterkust áhrif á mótun fyrirbærafræðilegrar nálgunar Ingolds (2000, Bls. 2). Gibson setti fram hugtakið *affordance* sem mætti útskýra í stuttu máli sem möguleikar umhverfis en hér eftir mun ég notast við hugtakið á ensku þar sem ekki ert til ríkjandi þýðing á því á íslensku. Gibson útskýrir að hugtakið sneiði hjá hugmyndum tvíhyggjunar um huglæga

og hlutlæga nálgun. Hann segir meiningu þess standa fyrir bæði staðreyndir umhverfisins og staðreyndir hegðunar, bæði fyrir það sem er líkamlegt og sálrænt en á sama tíma stendur það fyrir hvorugt. Hugtakið (e.affordance) bendir í raun í báðar áttir það er á umhverfið og áhorfandann. Til frekar útskýringar tekur Gibson dæmi um að allt sem sé í heiminum sé í raun „náttúrulegt“, að náttúrulegar eyðimerkur, fjöll, mýrar, ár, skógar og sléttur séu enn til en þau séu tekin í gegn og mótuð að hentugleika mannsins. Ennfremur hafi efni umhverfisins að hluta verið breytt úr náttúrulegum efnum jarðarinnar í ýmisskonar önnur efni líkt og brons, járn, steypu eða brauð til að mynda og verða að unnum vörum. Hann bendir á að hringrás lífríkisins hafi viðhaldið jafnvægi lífríkis í milljónir ára með góðum árangri áður en maðurinn kom til sögunnar, en hringrásin hafi nú ekki lengur undan með þeim afleiðingum að lífsnauðsynlegur miðill umhverfisins, loft og vatn, sé að breytast. Gibson (1979/1986) segir manninn hafa breytt umhverfi sínu til að auðvelda sér lífið á sama tíma og hann hafi gert öðru lífríki erfiðara fyrir. Hann bendir á að það umhverfi sem maðurinn hefur búið sér til sé þó ekki frábrugðið hinu náttúrulega umhverfi heldur sé það eitt og hið sama. Hann bendir á að umhverfi og hlutir sem búnir eru til af manninum séu samsettir upprunalega úr náttúrulegum hráefnum. Auk þess segir hann að mistök séu að aðgreina menningu frá náttúru og hinn huglægi heimur sé ekki frábrugðinn hlutlægum heimi heldur sé aðeins til einn heimur sem innihaldi fjölbreytni þar sem öll dýr búi, þeirra á meðal maðurinn sem hafi sniðið umhverfi og náttúru að sínum eigin þörfum á hugsunarlausan og skaðlegan hátt. Til einföldunar má segja að hugmynd Gibsons sé sú að heimurinn og allt sem í honum er sé ein eining ólíkt hugmyndum tvíhyggjunnar um hið andlega og líkamlega eða náttúru og menningu. Þessi kenning Gibson er grunnur fræða Ingolds. Ingold segir náttúruhugtakið eiga sér sögulegar rætur sem megi rekja til þess að maðurinn skapi andstæður milli sín og náttúru og til þess að skilja hugtökin sé nauðsynlegt að skoða söguna í samhengi við það. Í því samhengi var í kafla 2 hér á undan farið stuttlega yfir sögu og sjálfsmynd Íslands hvað við kemur náttúrunni, og viðhorfum trúarbragða til náttúrunnar. Ingold (2000) bendir á að brúa þurfi það bil sem myndast hafi milli menningar og náttúru. Hann telur að stefnumörkun hins efnahagslega/hagræna manns um hásmörkun sé viðurkennd í samfélaginu og hafi orðið að viðmiði frekar en hin hagkvæma vistfræðilega neyslustýring. Með öðrum orðum sé hinn efnahagslegi/hagræni maður verðlaunaður fyrir að hámarka framleiðslu og neyslu. Ingold segir að búið sé að taka vistfræðilegan skilning og sveigja eftir hentugleika að hagfræðilegum skilningi. Hann bendir á að með því að notast við

vistfræðileg vísindi samhliða félagsvísindum sé hægt að brúa það bil sem tvíhyggjan hafi skapað milli náttúru og menningar (Ingold, 2000, Bls. 37-39).

Michael Jackson er einn þeirra mannfræðinga sem hefur tekið hugtakið um veruhátt og sett í samhengi við samtímamann. Hann er hvað þekktastur fyrir kenningar sínar um *tilvistarmannfræði* (e. existential anthropology). Jackson skoðar einstaklinginn út frá gagnvirkum samskiptum hans við umheiminn sem gefur ferska nálgun á fræðiefni mannfræðinnar. Hugmyndir hans og kenningar hjálpa okkur að skilja hegðun einstaklingsins og í kjölfarið hegðun samfélagsins. Gott er að hafa hugmyndir hans til hliðsjónar þegar um er að ræða náttúruna og hegðun mannsins í því landslagi sem maðurinn hefur búið sér til, til að skilja hvernig maðurinn metur umhverfi sitt og náttúru út frá félagslegum skilningi. Jackson segir tilveruna félagslega tilbúna. Hann notast við hugtakið *samveruleiki* (e. intersubjectivity) til þess að skoða einstaklinginn út frá sameiginlegum skilningi fólks á tilverunni sem er í raun eins og áður sagði félagslega tilbúin. Hugtakið um samveruleika er einskonar andstæða einstaklingshyggjunnar. Þótt það skoði viðbrögð og hegðun einstaklingsins þá er það gert út frá tilverunni í kringum einstaklinginn. Með öðrum orðum þá felur samveruleikinn í sér að hugmyndir okkar um okkur sjálf, veruleikann og umhverfið, séu búnar til og viðhaldið af sameiginlegu áliti, skynjun og vitund okkar (Jackson, 2008:xiv-xv). Hér kemur til leiks *frumregla gagnkvæmninnar* (e. principle of reciprocity). Í henni felst bæði hugtakið *að vera* (e. being) og *að hafa* (e. having). Hugtakið að vera eða mannleg verund felur í sér að einstaklingur er staðsettur og metinn út frá eigum sínum af hálfu samfélagsins og sjálfum sér og á slíkt við í flestum samfélögum að sögn Jacksons. Hlutir geta gefið einstaklingum ákveðna stöðu innan samfélaga en slíkt krefst gagnkvæmra samskipta milli einstaklinga (Jackson, 2008, Bls xvi). Á sama hátt má segja að heilt þjóðfélag getur staðsett sig í samfélagi þjóðanna út frá velgengni á tilteknum sviðum og þannig haft áhrif á eigin sjálfsmynd. Þetta má til dæmis greina í íþróttum þar sem Austur-Evrópuþjóðirnar lögðu ofuráherslu á árangur í íþróttum, til að undirstrika yfirburði þeirra þegna. Við Íslendingar sáum slíkt gerast á árunum fyrir efnahagshrunið 2008 þegar almennt var talið að íslenskir útrásarvíkingar væru framar öðrum í viðskiptum m.a. fyrir áræðni og skjótar ákvarðanir. Að þessu gefnu má sjá að ýtt er undir háværkun framleiðslu og neyslu til þess að hljóta samfélagslega viðurkenningu sem gerir það að verkum að vistfræðileg neyslustýring verður undir líkt og hugmyndir Ingolds (2000) sýna fram á. Út frá hugmyndum Jackson má segja að maðurinn geti í raun ekki skilgreint sig út frá

sjálfum sér heldur skilgreini hann sig út frá umhverfi sínu og öfugt. Með þessu á Jackson við að mannfólkið sé hluti af umhverfinu og náttúrunni og saman skilgreini umhverfið (með fólkinu í) einstaklinginn og öfugt.

Hryðjuverk, stríð og náttúruhamfarir ásamt öðrum atburðum eru meðal þess sem marka tengsl manna við ákveðna staði. Hér má meðal annars nefna eldgosíð í Heimaey sem breytti tengslum manna við staðinn (sjá t.d. Gísli Pálsson, 2017). Eins eldgosíð í Eyjafjallajökli sem gaus svo eftirminnilega árið 2010 en áhrif þess náðu ekki aðeins til nærumhverfis heldur raskaði gosíð stórum hluta af flugsamgöngum í Evrópu sem þar af leiðandi breytti tengslum fólks við staðinn þá sérstaklega hjá erlendum ferðamönnum, bændum og öðrum heimamönnum í nágrenninu. Þrátt fyrir erfiðleika í framburði á nafni eldfjallsins hjá erlendum fréttamiðlum fékk Eyjafjallajökull mikla umfjöllun um allan heim og varð heimsfrægur á einni nóttu. Slíkan atburð má flokka sem náttúruhamfarir sem breyta samveruleika fólks og staðar. Með öðrum orðum þá skilgreina einstaklingar sig út frá stöðum og svæðum.

5 Umræður

Við höfum séð hér að ofan að margvíslegar kenningar eru um samspil manns og náttúru jafnvel þótt eingöngu sé leitað í smíðju mannfræðinnar sem fræðigreinar. Þar eru menn ekki á eitt sáttir með túlkun og skilning á þessu flókna samspili. Nálægð við náttúruna, menning, tæknistig, ytri umhverfisþættir og eðli náttúrunnar, atvinnuvegir og margt fleira kemur þar við sögu eins og reynt hefur verið að draga fram hér að ofan. Ef við veltum fyrir okkur með Ísland í huga spurningunni hvort maður og náttúra séu eitt, eða séu andstæður, þá má finna dæmi sem styðja hvorttveggja, dæmi þar sem við höfum látið náttúruna njóta vafans og dæmi þar sem við höfum gengið á náttúruna og dæmi sem styðja ýmsar af þeim kenningum sem fjallað hefur verið um hér að ofan. Það er hluti þessa kafla og skerpir þennan samanburð að bera rannsóknarspurninguna saman við þá sjálfsmýnd sem við höfum dregið upp af þjóðinni og lýst var í kafla 2. Sjálfsmýnd okkar Íslendinga er eins og áður kom fram ímynd fagnar en óblíðrar náttúru og umhverfis, hreinleika, hreins vatns og lofts, ósnortinna víðerna, óblíðs veðurfars, sjálfbærni í undirstöðu atvinnuvegum eins og landbúnaði og sjávarútvegi, ímynd sjálfbærrar og vistvænnar orku, jarðvarma og þróaðrar nýtingar hans og svo mætti lengi telja. Ef við hefðum spurt hinn dæmigerða Íslending á förnum vegi fyrir nokkrum áratugum hvort við lifðum og störfuðum í sátt við náttúruna hefði hann að öllum líkindum talið að svo væri.

Ætla má að efasemdarröddum þar um hafi þó fjölgað á undanförunum árum. Ekki er ólíklegt að staða ferðaþjónustunnar sem einnar af undirstöðuatvinnugreinum hafi haft þar áhrif, þar sem hún gerir út á náttúruna og selur hana sem ósnortið víðerni en fer svo um leið með flesta á sömu staðina og krefst aðgengis að fáförnum stöðum.

Við höfum áhugaverð dæmi sem styðja við báðar hliðar spurningarinnar.

Dæmi þar sem maðruinn vinnur með náttúrunni:

- Sigur náttúruverndarsinna varðandi verndun Gullfoss þegar til stóð að virkja hann á árum áður (sjá kafla 3.1) er dæmi um að maður og náttúra vinna saman.
- Verndun ýmissa svæða á landinu eins og Þjórsárvera, Ásbyrgis, Skaftafellspjóðgarðs og fleiri.
- Bætt aðgengi að náttúruperlum sem lágmarka skaða af ágangi ferðamanna
- Verndun takmarkaðra skóga og aukin skógrækt
- Uppgræðsla örfoka lands
- Sprenging Laxárstíflu í Aðaldal árið 1973, til verndunar villtum laxi og lífríkis árinna og Mývatns.

Dæmi þar sem efnahagslegur ávinningur er talinn æðri náttúru:

- Kárahnjúkavirkjun, gerð stíflu og Kringilsárrana er sökk, Jökulsá vatnslaus á ákveðnum árstímum. Hér voru settir hagfræðilegir mælikvarðar á náttúruna
- Gerð stíflu í Stíflusveit í Fljótum þar sem 7 kotjarðir fóru undir vatn
- Ljósafossvirkjun í Þingvallavatni er talin hafa skaðað hrygningarsvæði hins náttúrulega silunga- og urriðastofns vatnsins vegna sveiflna á yfirborði vatnsins sem er í raun notað sem miðlunarlón.
- Kísilverksmiðjan við Mývatn sem margir töldu hafa raskað lífríki vatnsins
- Álver og stóriðja víðsvegar um landið, nú síðast PCC kísilflöguverksmiðja við Húsavík

Dæmi sem geta fallið undir báðar skilgreiningarnar:

- Bláa lónið er dæmi um framkvæmd sem vart fengist samþykkt í dag ef fram færi umhverfismat og mönnum væru ljós áhrifin af affallsvatninu á umhverfið,

Það er að leirinn í því safnast upp, þéttir botninn og myndar lón, eitthvað sem enginn sá fyrir. Þetta affallsvatn hefur síðan reynst hin mesta náttúruauðlind með lækningamátt á ýmsum húðvandamálum og er annálað fyrir fegurð í grýttu hrauninu og er í raun sjálfbær og arðsöm stóriðja í ferðamannaíðnaðinum sem hefur einnig átt sinn hlut í ímyndarsköpun landsins.

- Helligheiddarvirkjun sem hefur vissulega sýnileg áhrif á umhverfi sitt þótt hún sé eins haganlega felld að landslagi og hægt er og byggingar hannaðar af metnaði, en hún hefur leitt af sér loftmengun sem finnst allt til höfuðborgarinnar. Nú hefur þessi reynsla leitt til tilrauna með niðurdælingu á koltvíoxíði með góðum árangri, þar sem lofttegundirnar breytast í steinefni djúpt í jörðu án þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Þessi aðferð er jafnvel talin geta nýst í baráttunni við kolefnismengun andrúmsloftsins og þannig stuðlað að minnkun hennar í andrúmsloftinu án verulegra umhverfisáhrifa.
- Uppblástur og gróðureyðing var talin einn stærsti umhverfisvandi á Íslandi á níunda áratugnum. Orkufyrirtækin hafa haft forgöngu um að græða upp örfoka land og má þar t.a.m. nefna svæðið upp af Búrfelli og að Hrauneyjum þrátt fyrir að manngerð ummerki sjáist á náttúru svæðisins. Því er ekki talið kostur að lón sökkvi gróðurlendi heldur ber að varðveita gróðurinn eins og mögulegt er.

Ekki er einhlítt svar við því hvort við Íslendingar lifum samkvæmt þeirri sjálfsmynd sem við viljum bera okkur saman við og í sátt við náttúru landsins. Eins og sjá má hér að ofan eru dæmi sem ýmist styðja við þá fullyrðingu eða ekki. Sú staðreynd blasir einnig við að kolefnisspor okkar Íslendinga er allt að 55 prósentum hærra en í þróuðum samanburðarlöndum og er það aðallega drifið af neyslu. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að við búum við græna og sjálfbæra orku (Jukka Heinonen, 2017). Við erum ekki að blanda því inni sjálfsmynd okkar.

6 Að lokum

Frá upphafi hefur maðurinn lifað á því sem jörðin gefur af sér. Með tíð og tíma hefur maðurinn þróast fjær náttúrunni og telur sig vera minna háður henni. Iðnbyltingin er talin vera upphafið að þessari þróun. Með tækniþróun og tæknivæðingu verður manningum ýmislegt mögulegt sem engan dreymdi um fyrr á öldum. Þróun framleiðsluiðnaðar breytir samfélögum frá

bændasamfélögum, þar sem jafnvel vöruskipti voru aðalviðskiptamátinn yfir í iðnaðarsamfélög þar sem vinna, laun og neysla borgaranna eru meginbreyturnar. Almennigur fer að fá greidd laun með peningum fyrir vinnuframlag sitt. Peningar fara að vera miðpunkturinn en ekki matarsöfnun eins og áður. Með batnandi hag almennings í gegnum launagreiðslur, kemur aukin neysla því fólk fer að hafa efni á og tækifæri til þess að kaupa sér hluti sem það gat ekki eignast áður. Þannig skapast það sem við köllum neysluhyggja og margir telja vera mesta óvin náttúrunnar í dag. Með auknum kaupmætti almennings, er frekar hægt að selja fólk ýmislegt sem það gat verið án áður, meira er framleitt, tekjur allra aukast, meira er keypt, samkeppni um neyslu almennings eykst og allir eru að reyna að ná athygli viðskiptavinarins og fólk kaupir meira en það þarf. Þetta orsakar mikla sóun í samfélaginu, sóun á náttúruauðlindum, sóun á orku, sóun á ýmsum verðmætum, meiri mengun og förgun neysluvarnings er orðið gríðarlegt vandamál. Við höfum áttað okkur á að jörðin er takmörkuð auðlind og því leggjum við verð á hana. Það er ekki eingöngu verðmat í peningum, heldur er í auknum mæli huglægt mat lagt á verðmæti lands og þá einmitt í samhengi við landslag þess og hvert umhverfisspor mannsins er á viðkomandi landi. Þó er slíkur hugsunarháttur ekki orðinn ríkjandi né orðinn að viðmiði eins og það ætti kannski að vera.

Við lok þessa verkefnis tel ég að eftirfarandi texti sem tekinn er úr bókinni Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ Magnason (2019) undirstriki og kjarni þá umræðu sem á undan hefur farið um viðhorf mannsins til náttúru og þá tvíhyggju sem henni hefur fylgt.

Í umræðu um hálendi Íslands var öllu verðmætamati snúið á haus. Ósnortið, fáfarið og ókannað land var ekki verðmætt hvað þá heilagt, heldur til marks um óvinsældir og tilgangsleysi. Ef náttúran hafði ekki nógu mikið „áhorf“ með mælanlegum umsvifum eins og hótélrekstri, sjoppu, bensínstöð, rútubílum og leiðsögumönnum, þá var hún einskis virði. Það varð að vera hægt að nota náttúruna á einhvern hátt, þótt ekki væri nema sem bakgrunn í bílaauglýsingu. Ekkert mátti hafa óskilgreindan tilgang, allt varð að vera mælanlegt og það skipti engu máli hvort mælingin væri í samræmi við raunveruleikann eða ekki. Valdið til að skilgreina veruleikann og fjalla um gildi náttúrunnar lá hjá hagfræðinni. (Andri Snær Magnasson, 2019, Bls. 56).

Tilvitnun þessi á við um umræður varðandi virkjanir á hálendi Íslands. Vatnsfallsvirkjanir voru upphaf iðnbyltingar og nútímavæðingar á Íslandi og var virkjun náttúruauðlinda og sala á afurðum virkjananna forsenda iðnbyltingarinnar hér á landi.

Viðhorf landsmanna til náttúrunnar skiptir nú íslensku þjóðinni í andstæða hópa sem búa báðir yfir þjóðernissinnuðu viðhorfi sem birtist í ólíkan hátt. Í stað þess að sameina hana einkennast deilur og ágreiningur um hvort það eigi yfir höfuð að virkja út frá náttúruverndarsjónarmiði. Tilvísunin hér að ofan frá Andra Snæ varpar ljósi á að kenningar Ingolds (2000) um að vistfræðileg vísindi séu sveigð að hentugleika hagfræðilegs skilnings og að umfram allt sé það efnishyggjan sem ráði för. Hún bendir einnig á að skilgreining náttúru og landslags er ekki til án mannsins og þar með má ganga út frá því að maðurinn sé hluti af landslagi og náttúru þar sem hann gefur því merkingu og bæði huglæg og efnislegan tilgang. Ingold segir ennfremur að sögulegt samhengi varpi ljósi á þá andstæðu þörun sem myndast hafi milli menningar og náttúru og að nauðsynlegt sé að brúa það bil með samspili vistfræðilegra vísinda og félagsvísinda. Hann bendir á að með því að notast við vistfræðileg vísindi samhliða félagsvísindum sé hægt að brúa það bil sem tvíhyggjan hafi skapað milli náttúru og menningar (Ingold, 2000, Bls. 37-39).

Allt er þetta háð tíma og því er saga og sjálfsmynd þjóðarinnar breytileg eftir tíðaranda. Maðurinn leggur land undir sig og býr til steiptan frumskóg af háhýsum, það eru kallaðar borgir. Þær hafa þróast oft tilviljanakennt og mishratt og mörg mistök verið gerð og er enn verið að gera. Þrátt fyrir að hafa fjarlægst náttúruna á slíkan hátt er maðurinn hluti af náttúrunni og sækir ekki aðeins líkamlegt viðurværi sitt til hennar heldur einnig andlegt jafnvægi. Það kemur vel í ljós þegar maðurinn þráir frið og hvíld og er þá oft talað um að endurnærast eftir að hafa eytt tíma í náttúrunni. Íbúar í borgarbyggðum hafa leitað til þeirra ráða að rækta garða í kringum hús sín og borgir hafa gert grein fyrir mikilvægi almenningsgarða til þess eins að svala þorsta íbúa eftir sambandi við náttúruna innan þéttbýlis. Central Park í New York er gott dæmi og er hann oft kallaður lungu borgarinnar. Við tölum um náttúruauðlindir og notfærum okkur þær eftir hentugleika til að skapa veraldleg gæði líkt og Ingold bendir á í kenningum sínum. Gæti verið að dýrmætasta auðlindin sé fólgin í náttúrunni sjálfri sem miðils milli tvíhyggju líkama og sálar og menningar og náttúru, sem endurnærir heildina? Ekki er til eitt einfalt svar við flóknu samspili manns og náttúru en álykta má af umræðunni hér að ofan að sjálfsmynd Íslendinga búi yfir tvískinnungi sem rekja megi til ólíkra þjóðernissinnaðra viðhorfa sem annars vegar birtist í ferðaþjónustu og hinsvegar í

virðjanastefnu. Báðar eru þetta leiðir sem fylgja efnahagslegum ávinningi og eiga það sameiginlegt að hafa gríðarleg áhrif á hagkerfið, menningu og náttúru, þó á ólíkan hátt. Velta má því upp hvort meiri ávinningur hljóttist af ferðaþjónustu sé hún rétt skipulögð með friðun náttúru að leiðarljósi og verndun auðlinda hennar fyrir komandi kynslóðir.

7 Heimildaskrá

- Alþingi (1997, 26. maí) Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Sótt 05.01.20 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>
- Andri Snær Magnason. (2019). *Um tímann og vatnið*. Reykjavík: Mál og menning
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Saarinen, J. (2015). Changing ideas about natural resources: tourists' perspectives on the wilderness and power production in Iceland. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 16(4), Bls. 404-412.
- Ágúst Þór Árnason. (2011). *Samband ríkis og kirkju*. Skýrsla stjórnlaganefndar, 1. Bindi. Bls. 258-266. Sótt 05.01.20 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/Skyrsla_stjornlaganefndar_fyrri_bindi_Samband_rikis_og_kirkju.pdf
- Árni Ragnarsson og Þorkell Helgason. (Nóvember, 2003.) *Orka Íslands: Kynningarrit um orkumál*. Orkustofnun og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.
- Biography.com Editors. (2019, 23. júní). *Francis Bacon Biography*. Sótt 30.11.19 af: <https://www.biography.com/scholar/francis-bacon>
- Biography.com Editors. (2019, 1. desember). *René Biography*. Sótt 30.11.19 af: <https://www.biography.com/scholar/rene-descartes>
- Birgir Þór Harðarsson. (19. Nóv. 2018). Hvað er þriðji orkupakkinn?. *Ruv*. Sótt 04.01.19 af <https://www.ruv.is/frett/hvad-er-thridji-orkupakkinn>
- Bourdeau, Ph. (2004). The man-nature relationship and environmental ethics. *Journal of Environmental Radioactivity*, 72(1), Bls. 9-15. [https://doi.org/10.1016/S0265-931X\(03\)00180-2](https://doi.org/10.1016/S0265-931X(03)00180-2)
- Briggs, J.L. (1970). *Never in Anger: portrait of an eskimo family*. Cambridge: Harvard university press.
- Cosgrove, D. E. (1984). *Social Formation and Symbolic Landscape*. Wisconsin: The University of Wisconsin Press.
- Descola, P. og Pálsson, G. (1996). Introduction. Í P. Descola og G. Pálsson (ritstjórn), *Nature & Society: Anthropological Perspectives*. London: Routledge.
- Elísabet Eydís Leósdóttir. (2010). *Ímynd Íslands: Raunveruleiki eða ranghugmyndir*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/5162>

- Eriksen, T.H. (2010/1995). *Small places, large issues: an introduction to social and cultural anthropology*. (3. Útgáfa). New York: Pluto press
- Ferðamálastofa. (7. Janúar. 2019). 2,3 milljónir erlendra farþega 2018. Sótt 03.01.20 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/23-milljonir-fartheega-2018>
- Fjármála og efnahagsráðuneytirð. (2. Júlí. 2019). Eignedastefna ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda. *Stjórnaráðið*. Sótt 5.01.20 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f2d67b95-a255-11e9-9443-005056bc4d74>
- Friðrik Björnsson og Ólafur Elínarsson. (2019). Ferðamannapúls. *Gallup*. Sótt 30.12.19 af <https://www.gallup.is/nidurstodur/ferdamannapuls/>
- Gibson, J. (1979/ 1986). *The Ecological Approach to Visual Perception*. New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.
- Gísli Pálsson og Durrenberger, E.P. (1992). Icelandic Dialogues: Individual Differences in Indigenous Discourse. *Journal of Anthropological Research*, 48(4), bls. 301-316.
- Gísli Pálsson. (2017). *Fjallið sem yppti öxlum: Maður og náttúra*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Goeldner, C.R. og Brent Ritchie, J.R. (2006). *Tourism: Principles, Practices, Philosophies*, 10. Útgáfa . New Jersey: John Wiley & Sonc, Inc.
- Halldór Kiljan Laxnes. (1961). *Sjálfstætt fólk*. 3. Útgáfa. Reykjavík: Helgafell
- Hlynur Bárðasson ofl. (2010). *Íslenskt landslag: sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*. Sótt af <http://www.ramma.is/media/gogn/Landslagskyrsla-jan2010.pdf>
- Ingold, T. (2000). *The Perception of the environment: Essays on Livelihood, Dwelling and Skill*. London og New York: Routledge.
- Ingold, T. (2012). The shape of the land. Í A. Arnason, N. Ellison, J. Vergunst, & A. Whitehouse (Ritstj.), *Landscapes Beyond Land: Routes, Aesthetics, Narratives* (Bls. 197-208). Oxford: Berghahn Books.
- Isavia. (23.des. 2019). Farþegaspa fyrir árið 2020. *Isavia*. Sótt 30.12.19 af: <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/fjolmidlateg/frettir/farthe gaspa-fyrir-arid-2020>
- Jackson, M. (2005/2008). Preface: *Existential anthropology. Events, exigencies and effects*. New York: Berghahn Books.
- Jón Hilmar Jónsson. (1994). *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV útgáfa

- Jukka Heinonen. (2017). Emissions in a decarbonised economy? Global lessons from a carbon footprint analysis of Iceland. *Journal of cleaner production*. 166. Bls 1175-1186. sótt 05.01.20 af <https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2017.08.108>
- Kjartan Kjartansson. (2018. 14. Des.). Sænsk stúlka sakaði þjóðarleiðstoga um að stela framtíð barna. *Vísir.is*. Sótt 28.11.19 af <https://www.visir.is/g/2018181219320>
- Krieger, M. (1992/2019). *Ekphrasis: The Illusion of the Natural Sign*. Baltimore: John Hopkins University Press
- Kristín Loftsdóttir. (2015). The Exotic North: Gender, Nation Branding and Post-colonialism in Iceland. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research*. 23. Bls. 246-260. 10.1080/08038740.2015.1086814.
- Lévi-Strauss, C. (1968). *Structural Anthropology*. London: Allen Lane the Penguin Press.
- Luke, T. (1995). On Environmentality: Geo-Power and Eco-Knowledge in the Discourses of Contemporary Environmentalism. *Cultural Critique*, (31), Bls 57-81. doi:10.2307/1354445
- Maslow, A. H. (1943). A theory of human motivation. *Psychological review*, 50(4), 370 – 396.
- Miaschi, John. (2019, 16. maí). What Are The Biggest Industries In Iceland?. *The world atlas*. Sótt 12.11.19 af: <https://www.worldatlas.com/articles/what-are-the-biggest-industries-in-iceland.html>
- Mörður Árnason (Ritstj.). (2002). *Íslensk orðabók* (Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt). Reykjavík: Edda útgáfa hf. (Bl. 861).
- Orkustofnun. (2015). *Vatnsaflsvirkjanir: Viðauki 01 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02 Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Sótt 12.12.19 af <https://orkustofnun.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-02-Vidauki-01.pdf>
- Orkustofnun (2019). *Electricity consumption in Iceland 2018*. Sótt 13.12.19 af <https://orkustofnun.is/gogn/Talnaefni/OS-2019-T013-01.pdf>
- Ortner, Sherry B. (1974). Is female to male as nature is to culture? Levin, Ellen. (ritstj). *Feminist anthropology. A reader* (72-85). Malden: Blackwell.
- Park, M.A. (2010). *Biological Anthropology* (6. Útgáfa). New York: McGraw-Hill
- Raforkuvinnsla á Íslandi. Orkustofnun. Sótt 12.12.19 af <https://orkustofnun.is/orkustofnun/orkutolur/raforkuvinnsla/>

Rannsóknarmiðstöð ferðamanna. (22. Okt. 2018). *Ferðamannalandið Ísland: Nýr veruleiki eftir hrun*. Sótt 12.11.19 af <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/frettir/ferdamannalandid-island-nyr-veruleiki-ef-tir-hrun>

Siskind, J. (1973). *To hunt in the morning*. Oxford university press: London

Stuart Hall (1992). *The West and the Rest: Discourse and Power*. Bram Gieben (ritstj.), Formations of Modernity: Oxford, Polity.

White, L. (1967). The historical roots of our ecological crisis. *Science*, 155, Bls 1203–1207.

Þorgerður Anna Gunnarsdóttir. (17.des. 2019). Grundvallaratriði að sama gildi fyrir alla. *Morgunblaðið*. Sótt 20. Des. 2019 af: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/12/17/grundvallaratridi_ad_sama_gildi_fyrir_alla/